

MARÍA SJÖFN DUPUIS DAVÍÐSDÓTTIR

Verðlaunuð fyrir hönnun á Ítalíu

• heilsa • heimili
allt í MIÐJU BLAÐSINS



SUÐURLAND

Kýr fá ekki frí um helgar

Sérblað um Suðurland
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



TIGER

bæklingurinn fylgir blaðinu í dag

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

10. júlí 2007 – 185. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Hátíska í París

Karl Lagerfeld sýndi haust- og vetrartískuna á rigningardeg í París.

TÍSKA 23



Lukkutröll KR-inga

Jón Gnarr var fenginn til að efla liðsanda KR-inga í fótboltanum. Liðið hefur ekki tapað leik síðan.

FÓLK 30

Nýr kokkteilkvartett

Lára Rúnarsdóttir og félagar flytja lög níunda áratugarins í nýjum búningi.

TÓNLIST 24



Mark ársins

Landsliðskonan Dóra Stefánsdóttir skoraði gull af marki fyrir Malmö um helgina. Annað eins mark hefur ekki sést í Malmö síðan 1994.

ÍPRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



ÞOKULOFT við norður- og austurströndina. Bjart inn til landsins víða um land, og hlýtt sunnan- og vestanlands sem og á hálendinu. Hiti á bilinu 10-18 stig inn til landsins, en 8-15 stig við ströndina. Hægur norðlægur vindur víðast hvar.

VEÐUR 4

Sterkari staða þrátt fyrir minna framboð

Sjávarútvegsráðherra telur kvótaskerðingu styrkja stöðu Íslands á fiskveiðimörkuðum. Framboðið minnki um tíma en fiskur úr sjálfbærum stofni sé eftirsóttur. Styrkir okkur í ímyndarbaráttunni sem þorskurinn hefur átt í, segir forstjóri HB Granda.

SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur stöðu Íslands á erlendum markaði fyrir þorsk munu styrkjast í kjölfar kvótaskerðingar. Þrátt fyrir að framboðið verði minna í nokkur ár sé mikil eftirspurn eftir fiski sem veiddur er úr sjálfbærum stofni. „Þeir sem kaupa mest af íslenskum fiski leggja mikla áherslu á að geta sannað fyrir sínum viðskiptavinum að þeir séu með fisk úr stofni sem er sjálfbær og nýttur

með ábyrgum hætti,“ segir Einar. Hann segir eitt af því sem hann hafi haft í huga þegar hann tók ákvörðun um skerðingu á þorskvóta hafa verið vitneskja sín um þetta álit markaðsins. Orðspor Íslands í þessu sambandi skipti miklu máli, og mikilvægt sé að viðhalda því. „Til skamms tíma mun kvótaskerðingin skaða okkur allverulega því við munum ekki geta haldið okkar forystu. Við höfum byggt á

þeim styrkleika að geta lagað okkur að þörfum viðskiptavinarins, og það verður erfiðara með minna framboði,“ segir Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda. „En hitt er líka rétt að þetta mun styrkja okkur í þeirri ímyndarbaráttu sem þorskurinn hefur átt í. Þetta er rökstuðningur fyrir því að hér séu menn staðráðnir í að stunda sjálfbærar veiðir og byggja upp þorskstofninn.“ - sfs



STÆRSTA VERSLUNARHÚS ÍSLANDS Við Vesturlandsveg rís nýtt verslunarhús sem þekur meira landsvæði en nokkurt annað á landinu, rúmlega 40 þúsund fermetra. „Þetta er stærsta hús í Reykjavík,“ segir Arnar Hallsson hjá Stekkjabrekkum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýstárleg aðferð við skiptingu veiðileyfa í Bjarnarfjarðará eftir uppástungu í gríni: Allir á kjörskrá fengu veiðidag

VEIÐI „Upphafið að þessu var bara vitleysisgangur,“ segir Jenný Jensdóttir, oddviti Kaldrananeshrepps, um þá ákvörðun að skipta veiðidögum hreppsins í Bjarnarfjarðará á milli þeirra sem eru á kjörskrá. Jarðirnar Skarð og Klúka í Bjarnarfirði eru eign Kaldrananeshrepps og fylgir þeim stór hlutur í veiðifélagi Bjarnarfjarðarár sem er þekkt sjóbleikjuá. Undanfarin ár hefur veiðirétturinn í heild verið leigður til fyrirtækisins Lax-ár. „Á síðasta aðalfundi vildi meirihluti landeigenda ekki lengur hafa

þetta svona, fannst hentugra að sinna þessu sjálfir. Þegar ég sá að stangafjöldinn var nánast sá sami fjöldinn á kjörskrá sagði ég að það hugnaðist mér langbest að dreifa þessu á íbúana í stað þess að setja þetta í sölu. Það sem slegið var fram í hálfgerðu gríni var síðan samþykkt,“ segir Jenný. „Þetta er skemmtileg tilraun sem verður kannski til þess að þeir sem ekki hafa verið að veiða prufa stöngina.“ Að sögn oddvítans er óákveðið hvort sami háttur verði hafður á næsta sumar. - gar



BALDUR STEINN HARALDSSON Þessi drengur frá Drangnesi veiddi fyrstu bleikjuna með veiðileyfi hreppsins í Bjarnarfjarðará fyrir tveimur vikum. MYND/ÁRNI ÞÓR BALDURSSON



MED BIKARINN Guðjón Þórðarson fagnar með bikarmeistaratitli með KR 1995. MYND/BRYNJAR GAUTI

Guðjón Þórðar og bikarinn: Hefur ekki tapað síðan 1992

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson hefur stjórnað liðum til sigurs í 19 bikarleikjum í röð og hann ætlar að vinna fimmta bikarinn í röð með Skagamenn í sumar. Guðjón neitar að gefa upp töfralausnina og segist passa upp á hana eins og sjáaldur augna sinna. Sextán liða úrslit VISA-bikars karla hefjast í kvöld og auk leiks ÍA og Víkings uppi á Skaga verða augu margra á KR-vellinum þar sem KR-ingar taka á móti Val. - óój / sjá síðu 26

Læstist inni á klósetti: Blair bjargaði Brown í neyð

LONDON, AP Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, bjargaði eitt sinn núverandi forsætisráðherra, Gordon Brown, út af klósetti að því er kemur fram í bók fyrrverandi ráðgjafa Blairs, Alastair Campbell. Brown og Blair hittust eftir lát leiðtoga Verkamannaflokksins til að ræða eftirmann hans. Blair taldi sig besta kostinn en Brown var ekki viss. Brown brá sér síðan á salernið. Löngu síðar hringdi sími Blairs og svo heyrðist í símsvaranum: „Tony, þetta er Gordon. Ég er læstur inni á klósettinu.“ Blair á að hafa farið að klósetthurðinni og sagt: „Þú færð að dása þarna þangað til þú samþykkir.“ Síðar urðu þeir ásáttir um að Blair færi fram. - sdg / sjá síðu 4

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Í útileguna

SAMSUNG LCD & PLASMA SJÓNVÖRÞ

Afburða tækni · Frábær hönnun · Framúrskarandi myndgæði · Gott verð

Ný módel komin!

Starfsfólk okkar aðstoðar fúslega og veitir allar nánari upplýsingar.

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

muundu eftir mjólkinni!

MUU

MYND

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



Toyota Prius Hybrid
1500 Bensín/Rafmagn sjsk.
Á götuna: 05.01 Ekinn: 75.000 km
Verð: 950.000 kr. Skr.nr. BX-544



Lexus RX300 EXE
3000 Bensín sjsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 25.000 km
Verð: 4.690.000 kr. Skr.nr. KO-817



Toyota Corolla S/D Terra
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.05 Ekinn: 53.000 km
Verð: 1.370.000 kr. Skr.nr. MI-543



Toyota Hilux D/C 2.5 SR 35"
breyttur með öllu, flottur bíll
2500 Dísel 5 gíra
Á götuna: 11.04 Ekinn: 72.000 km
Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. YH-159



Toyota Avensis S/D Terra
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 03.03 Ekinn: 90.000 km
Verð: 1.230.000 kr. Skr.nr. MJ-818



Toyota RAV4 4WD
2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.05 Ekinn: 84.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. NT-004



Toyota Avensis S/D Sol
1800 Bensín 5 gíra.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 34.000 km
Verð: 2.170.000 kr. Skr.nr. SD-338



Toyota RAV4 4WD EXE
2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.05 Ekinn: 50.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. MK-348



Toyota Avensis W/G
1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 22.000 km
Verð: 2.470.000 kr. Skr.nr. US-755



Toyota Corolla W/G
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.470.000 kr. Skr.nr. VB-062



Toyota RAV4 2WD
1800 Bensín 5 gíra.
Á götuna: 04.02 Ekinn: 69.000 km
Verð: 1.150.000 kr. Skr.nr. VK-225



Toyota Land Cruiser 120 VX
4000 Bensín sjsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 26.000 km
Verð: 5.290.000 kr. Skr.nr. ZR-492

BNB-sölugreining

Bílamir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**



Sjónvarps-tækifæri



Tilboð
149.900

**ÓTRÚLEGT
VERÐ!**

42PC1RR
Upplausn 1024x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200
80 GB harður diskur
Viðbragðstími innan við 1 ms



Verð
299.900

**80 GB
UPPTÖKU-
DISKUR**

50PC1RR
50"
Upplausn 1366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.000
80 GB harður diskur
Viðbragðstími innan við 1 ms



Verð
189.900

42LC51
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Viðbragðstími 5 ms
Aðeins 8 cm á þykkt



Verð
219.900

42LC2D
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1600:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms
Stafrænn móttakari
Kortarauf



Verð
199.900

**80 GB
UPPTÖKU-
DISKUR**

42LC2RR
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Viðbragðstími 8 ms



Verð
179.900

**80 GB
UPPTÖKU-
DISKUR**

37LC2RR
37"
upplausn 1366x768
Skerpa 1.500:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Viðbragðstími 8ms



Verð
109.900

32LC51
32"
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Viðbragðstími 8 ms
Aðeins 8 cm á þykkt



Verð
119.900

32LC2RB
32"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1000:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms



Verð
98.900

26LC2R
26"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.200:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms



Verð
64.900

20LC1RB
26"
Upplausn 640x480
Skerpa 500:1
Birtustig 550
Viðbragðstími 16 ms



Verð
95.900

23LC1RB
23"
Upplausn 1366x768
Skerpa 600:1
Birtustig 600
Viðbragðstími 8 ms

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16



NYTT!



WLU 700

Svart háglans breidd: 155 sm
Einnig hvítt háglans og eik

Verð frá 98.340,- stgr.

NYTT!



WLU 900

Hvítt háglans breidd: 175 sm
Einnig svart háglans og eik

Verð frá 105.710,- stgr


NYTT!



WLU 600

Eik og hvítt háglans breidd: 125 sm

Verð frá 87.480,- stgr



BAÐ

INNRETTINGAR



WLU 06A

Útlit eik eða hvítt breidd: 120 sm Verð kr. 58.900,- stgr



CT75

Hvítt háglans breidd: 75 sm
Verð: kr. 44.900,- stgr.



CT55

Hvítt háglans breidd: 55 sm
Verð: kr. 38.900,- stgr.



www.i-t.is

- fyrir þitt heimili

Bíla- og mótórhjóladaðagur

Nú eru bíladagur hjá Shell.
20% afsláttur
af Clean Plus bílahreinsivörum

CLEAN PLUS
AUTOCARE PRO



20% afsláttur

Shell
V-Power
5 kr. afsláttur pr. líter.

Made to move



Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Bláu tunnurnar eru bara smærri útgáfur af grenndargámum, segir borgarfulltrúi:

Lögbundið hlutverk að sækja sorp

UMHVERFI Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi segir ekki rétt að Reykjavíkurborg raski samkeppni með því að bjóða borgarbúum upp á bláar endurvinnslutunnur undir blaðapappír. Borgin hafi um árabíl hvatt fólk til að flokka pappírinn frá öðrum úrgangi og sett upp grenndargáma í hverfum hennar.

Talsmenn Viðskiptaráðs hafa gagnrýnt fyrirætlanir borgarinnar um bláu tunnurnar. Þeir segja Reykjavíkurborg ráðast í beina samkeppni við einkaaðila, en tvö fyrirtæki bjóða borgarbúum nú þegar upp á endurvinnslutunnur.

„Það er lögbundið hlutverk

borgarinnar að sækja heimilisúrgang heim til fólks og meðal þess sem fólk setur í tunnurnar sínar eru dagblöð og annar pappír,“ segir Gísli. „Við erum að urða of mikið af pappír og það er ótrúleg sóun á verðmætum. Grenndargámarnir hafa ekki skilað nægum árangri við endurvinnslu og þess vegna erum við að teygja okkur lengra með því að bjóða fólk að panta sér bláa tunnu.“

Hann segir borgina ekki vera að færa sig inn á nýtt svið með þessu. Bláu tunnurnar séu í raun aðeins smærri útgáfur af grenndargámum, sem hafa verið í hverfum borgarinnar um árabíl.

-sps



DAGBLÖÐ Borgarbúar eiga þess kost í haust á að fá bláar tunnur við heimili sín. Í þær má aðeins setja dagblöð og annan pappírsúrgang.

Syndir Emmusund

Benedikt Hjartarson ætlar að synda yfir Ermarsund í dag, stuttu eftir að nafni hans Lafleur gafst upp á sömu leið. Hann telur ágætari líkur á að hann komist alla leið. Sundið kallar hann Emmusund til minningar um frænku sína sem lést ung að aldri.

FÓLK „Líkurnar eru óhagstæðar öllum sem reyna þetta, en ég hef trú á því að ég komist alla leið,“ segir Benedikt Hjartarson sundkappi sem ætlar að synda yfir Ermarsund milli Englands og



BENEDIKT HJARTARSON

Frakklands í dag. Nafni hans Benedikt Lafleur reyndi við sundið í fyrradag en hætti eftir rúmar tuttugu klukkustundir.

„Ég er búinn að hlakka ótrúlega mikið til þessa dags. Félagar mínir verða eiginlega að halda í mig svo ég hoppi ekki út í hér og nú,“ segir hann. Benedikt kallar sundið Emmusund til minningar um Emmu Katrínu Gísladóttur, bróður dóttur sína, sem lést úr krabbameini á Barnaspítala Hringins þann 16. maí á þessu ári. „Emma var yndislega góð stúlka sem fór langt fyrir aldur fram. Þegar hún veiktist lofaði ég henni að kalla sundið þessu nafni. Hún hefði orðið nú ára núna í byrjun júlí.“

Upphaflega átti Benedikt að synda í gær, á fimmtugsafmæli sínu, en gat það ekki vegna þess hve lengi nafni hans var á sundi. Þeir sem hyggjast þreyta sundið þurfa að fá sérstakan sundrétt til þess. Benedikt Lafleur fékk fyrsta sundrétt en Benedikt Hjartarson annan. Því gat hann ekki lagt af stað fyrr en Lafleur lauk sínu sundi.

En hvers vegna heldur Benedikt að honum tækist að synda yfir, ef nafna hans tókst það ekki? „Ég hef það fram yfir Benedikt Lafleur að vera töluvert mikið



Á ÆFINGU Benedikt hefur æft stíft fyrir sundið yfir Ermarsund. Aðstoðarmann hans munu færa honum orkudrykki á tuttugu mínútna fresti með veiðistöng.

betri sundmaður, þó hann hafi ótrúlegt kuldapól og ódrepani dagnað. Væðurspáin er góð og ég er staðráðinn í að standa mig.“

Ásamt Benedikt eru með í för Ingþór Bjarnason, sálfræðingur og pólfari, Stefán Karl Sævarsson,

verkfræðingur og þjálfari, og Heimir Örn Sveinsson tölvufræðingur og fyrrverandi keppismaður í sundi. Hægt er að fylgjast með gengi Benedikts á ermarsund.blogspot.com.

salvar@frettabladid.is

BENEDIKT ÓSKAR BENEDIKT VELGENGNI

„Það var ansi svekkjandi að geta ekki klárað þetta,“ segir Benedikt Lafleur, sem gafst upp á leið sinni yfir Ermarsund í gær eftir um tuttugu klukkustunda sund. „Við vorum búnir að leita lendingar í langan tíma en ekkert gekk. Ég var orðinn þreyttur og hafði ekki getað stoppað til að næra mig lengi því að þá hefði



BENEDIKT LAFLEUR

mig borðið til baka vegna straumsins.“ Hann segir Benedikt Hjartarson góðan sundmann, og hann eigi örugglega möguleika á að klára sundið. „Hann hefur verið að æfa stíft í vetur og er hraður sundmaður. Ég held að hann sé einn af örfáum Íslendingum sem eiga möguleika á þessu.“

Bestu barna- og unglíngabækur síðustu 70 ára

Hinn margverðlaunaði þrileikur Philip Pullman er loks kominn í kilju. Sannkallaður sögugaldur sem heillar alla sem honum kynnast og eyðir öllu kynslóðabili. Fyrsta bókin var nýlega valin sú besta úr hópi handhafa Carnegie-barnabóka-verðlaunanna í 70 ár.

„Gefur allt sem góð bók á að gefa: Spennu, ótta, gleði, hugmyndir og umfram allt uppfyllir hún nautnina sem felst í því að lesa.“
Gunnar Hersveinn, Morgunblaðinu

„Engu líkt ... það eina sem við þurfum að gera er að halda áfram að lesa og vona að þetta taki aldrei enda.“
The Scotsman



Edda
edda.is

Sumartilboð



Ný lína – Milano Bedding svefnsófar Hannaðir fyrir nótt sem dag



Áttu von á gestum? Sumartilboð á svefnsófum

Við í Betra Bak kynnum með stolti okkar frábæra úrval svefnsófa frá Milano Bedding og Recor Bedding.

Sýningarsalur á neðri hæð, 250 m², fullur af nýjum gerðum og litum.

Vegna mikilla vinsælda á svefnsófum okkar erum við með stóran lager og því hægt að afgreiða vöruna samdægurs. Einnig tökum við sérpantanir.

Gerðu kröfur um þægindi - láttu gestunum líða vel hjá þér.

milano bedding®

Milano Bedding svefnsófarnir eru afrakstur meira en 40 ára reynslu og samvinnu sérhæfðs starfsfólks og heimpökktra hönnuða.

Svefnsófarnir eru hannaðir fyrir mikla notkun, hvort sem notkunin er sem sófi eða sem rúm. Með einu handtaki er sófanum breytt í lúxusrúm með heilsudýnu.



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



NOKKRAR LIÐUGAR Þessar liðugu stúlkur vöktu óskipta aðdauð áhorfenda þegar þær fetu sig og brettu í sirkus í Mexíkóborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umhverfisráðuneyti ógildir ákvörðun Skipulagsstofnunar um þorskeldi í Hvalfirði: Þorskeldi fari í umhverfismat

UMHVERFISMÁL Umhverfisráðuneytið segir fyrirhugað þorskeldi í Hvalfirði kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og hefur ráðuneytið ógilt ákvörðun Skipulagsstofnunar um að eldið þurfi ekki í umhverfismat.

Fyrirtækið AGVA ehf. hyggst koma á fót þriggja þúsunda tonna þorskeldi í sjókvíum í Hvalfirði og jafn miklu eldi í Stakksfirði við Reykjanes. Ráðuneytið segir ekki ástæðu til að eldið í Stakksfirði fari í umhverfismat en segir að með vísan í möguleg áhrif á lífríki og laxagengd í Hvalfirði auk sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum þurfi að meta

umhverfisáhrifin af þorskeldi þar. Meðal annars muni áhrif verða vegna næringarefna eins og fosfórs og köfnunarefnis sem berist frá þorskeldinu. Þetta kunnir að skapa auknar líkur á blóma eittraðra þörungum. Þá segir ráðuneytið mögulegt, einkum ef þorskur sleppi úr kvíunum, að hann stundi afrán á laxaseiðum og að hann gæti hugsanlega haft áhrif á laxagöngur. Þrjár laxveiðiar eru í Hvalfirði.

Það voru Landssamband veiðifélaga, Samtök eigenda sjávarjarða og fiskeldisfyrirtækið Geirsá ehf. í Hvalfirði sem kærðu ákvörðun Skipulagsstofnunar. - gar



HVALFIJÖRÐUR Umhverfisráðuneytið vill láta meta umhverfisáhrif fyrirhugaðs þorskeldis AGVA ehf. í Hvalfirði. Laxagöngur kunnir að truflast og aukning verði í eitruðum þörungum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tívolíð í Kaupmannahöfn: Riftir samningi við Japan

DANMÖRK. AP Tívolíð í Kaupmannahöfn hefur ákveðið að rifta samningi við skemmtigarði í Japan, þar sem býsna nákvæm eftirlíking af dönsku frummyndinni hefur verið starfrækt í tíu ár.

Japanska tívolíð hefur greitt dönsku fyrirmyndinni 250 þúsund danskar krónur á hverju ári fyrir leyfi til þess að nota danska vörumerkið og Tívolínafnið.

Danir saka Japani um að hafa ekki sinnt verkefninu af nægum krafti. Aðsókn að japanska garðinum hefur dregist mjög saman. Öllum tillögum til úrbóta, sem borist hafa frá danska tívolíinu, hefur verið hafnað. - gb



VIÐ RAUÐU MOSKUNA Skriðdreki skýtur tágasi að Rauðu moskunni í Íslambad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Musharraf fer sáttaleiðina:

Umræður en ekki innrás

PAKISTAN. AP Pervez Musharraf, forseti Pakistans, ákvað í gær að senda hóp manna til að reyna að semja við meinta hryðjuverkamenn sem hafast við í Rauðu moskunni í Íslambad. Jafnvel var talið að forsetinn myndi gera allsherjarárás á moskuna.

Pakistanski herinn hefur setið um moskuna í viku og hafa 24 látið lífið í átökum.

Ekki liggur fyrir hvaða skilmála sendinefnd Musharraf mun bjóða hinum meintu hryðjuverkamönnum. Talið er að 150 gíslar séu inni í moskunni. Leiðtogi hinna meintu hryðjuverkamanna í moskunni hefur sagt að þeir muni frekar deyja en gefast upp. - if

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ölvað ók út af veginum

Kona missti stjórn á bíl sínum rétt austan Akureyrar í fyrrinótt með þeim afleiðingum að framhjól bílsins fóru út af veginum og hann sat þar fastur. Þegar lögregla kom á vettvang kom í ljós að konan var undir áhrifum áfengis.

Þrjár burt af baksýnisspeglum og sjálflýsandi merki á hross

Rannsóknarnefnd umferðarslysa vill að skoðað verði hvort gera eigi læknum skylt að tilkynna um vanhæfni sjúklinga til aksturs vegna veikinda eða lyfjanotkunar. Nefndin gerir fjölda tillagna um úrbætur.

UMFERÐ Rannsóknarnefnd umferðarslysa gerir fjölmargar tillögur að úrbótum í umferðarmálum í nýútkominni skýrslu sinni fyrir árið 2006. Meðal annars segir nefndin hluti sem hanga úr baksýnisspeglum ekki eiga neinn rétt á sér og að sjálflýsandi varúðarmerkingar skuli settar á hross.

Fram kemur að tvö banaslys í fyrra megi rekja til veikinda ökumanna og lyfjanotkunar vegna þeirra. Nefndin telur brýnt að skoðað verði með hvaða hætti megi koma í veg fyrir akstur fólks sem í raun er óhæft til að stjórna ökutæki sökum veikinda eða lyfjanotkunar. Nefndin beinir þeim tilmælum til landlæknis að skoða hvort læknum skuli gert skylt að tilkynna um vanhæfni sjúklinga til aksturs og að trúnaðarskyldu verði jafnframt létt af læknum í slíkum málum.

Þá segir í skýrslunni að vísitandi brotahegðun eigi sök á flestum banaslysum í umferðinni. Margir þeirra sem orsökunni banaslys í fyrra hafi haft fjölda brota í ökuferilskrá og hafi verið sviptir ökurétti áður. Hvatt er til þess að skoðað verði hvernig betur megi verjast hættulegum ökumönnum með aðgerðum eins og sviptingu ökuréttinda og upptöku ökutækja.

Nefndin gagnrýnir einnig mjög merkingar á vettvangi banaslyss sem varð í nóvember í

NOKKRAR TILLÖGUR OG ATHUGASEMDIR

- Mótaðar verði samræmdar eftirlitsreglur um andlegt og líkamlegt hæfi ökumanna hópferðabifreiða.
- „Hlutir sem hanga úr baksýnisspeglum byggja útsýni um framrúðu og eiga engan rétt á sér.“
- Leyfi verði ekki veitt fyrir stórum útihátíðum nema tryggt sé að löggæsla og umferðareftirlit sé nægt.
- Fræðsla og áróður um áhrif vinds á stöðugleika ökutækja verði aukinn.
- Útskot eða bílastæði verði lögð þar sem áhugaverðar minjar eru við vegi, einkum þá sem bera mikinn hámarkshraða, og settar verði samræmdar reglur um slík útskot.
- Umferðarstofa beini því til skoðunarstöðva að auka eftirlit með ryðskemmdum ökutækja.
- Aðgreina þarf umferð úr gagnstæðum áttum á Suðurlands- og Vesturlandsvegi.
- Allir eftirvagnar og tengitæki verði skráningar- og skoðunarskyld.
- Nefndin varar við því að ökumenn hlaði farma of hátt í kerrur.
- Mosfellsbær herði eftirlit með



AF VETTvangi BANASLYSS Að því er segir í skýrslu nefndarinnar á vísitandi brotahegðun sök á flestum banaslysum sem verða í umferðinni. Þriðja banaslys ársins 2007 varð á sunnudagsmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GEIR GUBSTEINSSON

- vörslu hrossa innan bæjarmarkanna.
- Reglur er varða rafgirðingar fyrir búfé og uppsetningu þeirra verði endurskoðaðar.
- „Að mati nefndarinnar mælir allt gegn áfengisnotkun meðal reiðmanna. Hún stríðir gegn almennu velsæmi, umferðarlögum, lögum um dýravernd og skapar almanna-hættu.“

- Kannað verði hvernig koma megi í veg fyrir að fólk gangi utan göngustíga við Miklubraut. Lýsing verði sett á stígana.
- Skoðað verði hvort læknum skuli gert skylt að tilkynna um vanhæfni sjúklinga til aksturs og að trúnaðarskyldu verði aflétt í slíkum málum.
- Sett verði í reglugerð, með stöð í umferðarlögum, hvernig merkingu vinnusvæða skal háttað.

fyrra á Reykjanesbraut nærri IKEA í Garðabæ, þegar ölvaður maður ók á steypuklump á framkvæmdasvæði á veginum. Segir í skýrslunni að stefnuör hafi

ekki blikkað eins og hún átti að gera vegna þess að rafgeymir hafi verið tómur, götulýsing hafi verið óvirk og að lögregla hafi ítrekað gert athugasemdir við

merkingar verktakans, án árangurs. Telur nefndin nauðsynlegt að sett verði í reglugerð hvernig merkingum á vinnusvæðum skal háttað. stigur@frettabladid.is

IMPREZA

150.000,-

SUMARTILBOÐ

SYMMETRICAL AWD

IMPREZA

SUBARU

SUMARTILBOÐ: Bakkvörn, heilsársdekk og litaðar filmur í rúður fylgja með öllum Subaru Impreza í sumar.

Ingvar Helgason	Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri. - fös. 09:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 - 7940	Njarðvík 421 - 8808

Subaru Impreza á góðu verði í sumar

Beinskiptur Subaru Impreza Wagon	2.110.000,-
Sjálfskiptur Subaru Impreza Wagon	2.240.000,-

Vildi hjálpa syni sínum:

76 ára amma rændi banka

BANDARÍKIN 76 ára amma, sem framdi vopnað rán í banka í Pittsburgh, slapp við hámarksrefsinguna, 34 ára fangelsi, en þarf að afplána 23 mánaða stofufangelsi.

Konan sagði dómáranum að hún hefði rænt bankann til að hjálpa fullorðnum geðklofa syni sínum, sem var gjaldþrota og í sjálfsmorðshugleiðingum.

Hún þurfti einnig að greiða þremur gjaldkerum 10.000 dollara, en hún beindi að þeim skambyssu í bankanum. Einn þeirra hafði einungis unnið í bankanum í nokkra daga og hélt fyrst að ránið væri æfing. - sgi

Helga Jónsdóttir hefur síðustu sjö árin unnið að gerð heimasíðu um Vestmannaeyjagosið:

Virðingavottur við þá sem misstu allt

VESTMANNAEYJAR Byggðin undir hrauninu er ný heimasíða sem var opnuð formlega um helgina í tilefni gosloka hátíðar í Vestmannaeyjum. Heimasíðan er hugarfóstur Helgu Jónsdóttur sem missti sjálf æskuheimili sitt í gosinu.

„Síðan er til minningar um þessa stórkostlegu byggð sem fór undir hraunið. Ásamt því að vera virðingavottur við það fólk sem missti allt sitt og hafði kjark til að snúa aftur,“ segir Helga Jónsdóttir, upphafsmaður síðunnar.

Helga hefur unnið að síðunni í sjálfboðavinnu síðastliðin sjö ár

og fyrir um ári kom Vestmannaeyjabær inn í verkefnið. Hún er fædd og uppalin í austurbænum í Vestmannaeyjum þar sem þrjú til fjögur hundruð heimili fóru undir hraun í gosinu árið 1973.

Á síðunni er yfirlit yfir þau heimili og götunúmer sem fóru undir hraunið. Þar er hægt að smella á viðkomandi svæði og fá upplýsingar um íbúa og myndir sem hafa borist Helgu. „Þetta er eins konar gluggi á hraunið bæði fyrir þá sem þar bjuggu og til að minningin um byggðina, fólkið og mannlífið fyrir gos lifi áfram,“ segir Helga. Byggðin undir hrauninu: byggðin1973.eyjar.is - rh



GOSLOKAHÁTÍÐ FÓR FRAM UM HELGINA Mikið var um dýrðir í Eyjum þegar gosloka var minnst. Af því tilefni var heimasíðan, byggðin1973.eyjar.is opnuð formlega. FRÉTTABLAÐIÐ ÓSKAR



KNÚTUR OG ÞJÁLFARINN Doerflein hefur annast Knút frá því hann fæddist 5. desember síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ísbjarnarhúnn vaxinn úr grasi:

Knútur hættir að koma fram

BERLÍN, AP Ástsæli ísbjarnarhúnninn Knútur og þjálfari hans, Thomas Doerflein, munu hætta að koma fram saman tvisvar á dag að því er yfirvöld dýragarðsins í Berlín greindu frá í gær.

Knútur var aðeins nú kíló að þyngd þegar hann birtist almenningsi fyrst í mars en er nú að nálgast 50 kíló.

Héðan í frá verður Knútur til sýnis líkt og önnur dýr í dýragarðinum. Talskona dýragarðsins sagði breytinguna tilkomna í fyrsta lagi til að tryggja öryggi Doerfleins en einnig væri verið að undirbúa Knút undir að umgangast aðra birni en ekki bara fólk. - sgi

Borgarstjóri í Bandaríkjunum:

Vill 250 þúsund dala útikamar

BANDARÍKIN Borgarstjórinn í Fort Lauderdale í Bandaríkjunum vill eyða 250 þúsund dölum í útikamar sem hindrar samkynhneigða í að stunda kynlíf.

Kamarinn á að staðsetja við Sebastian-ströndina, sem þekkt er sem samkomustaður samkynhneigðra karlmanna. Kamarinn leyfir fólki einungis að dvelja inni í stuttan tíma áður en dyrnar opnast sjálfkrafa.


Borgarstjórinn Jim Naugle, sem er repúblikani, segir kynlíf samkynhneigðra vera plágu á almenningsalernum. „Þeir stunda kynlíf, kynlíf með ókunnugum, ólöglegt kynlíf,“ segir Naugle. - sgi

LÖGREGLUMÁL

Datt af hesti á Sveifluhálsi

Björgunarsveitarmenn sóttu konu sem meiddist á fæti þegar hún féll af hesti sínum við Sveifluháls nálægt Kleifarvatni á sunnudag. Tilkynt var um meiðslin klukkan hálf tvö og tók tvo og hálfan tíma að sækja konuna, bera hana niður og flytja á slysaðeild.

50% afsláttur



af öllum sóttum pizzum á matseðli frá 10. júlí - 9. ágúst



Gildir 10. júlí - 9. ágúst 2007 af sóttum pizzum af matseðli, ef greitt er með MasterCard korti. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



www.mastercard.is/tilbod



58-12345

www.dominos.is



PÁFINN Í FRÍ Benedikt sextándi páfi kom í gær til bæjarins Lorenzago di Cadore í Alpahefudunum nyrst á Ítalíu í gær, þar sem hann ætlar að hafa það náðugt í frí næstu þrjár vikurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðstoðarskólastjóra og bæjarfulltrúa á Ísafirði sagt upp störfum:

Telur uppsögnina vera pólitíska

ÍSAFIÖRÐUR Ákveðið var að leggja niður aðra stöðu aðstoðarskólastjóra í Grunnskólanum á Ísafirði á bæjarstjórnarfundum 21. júní. Var þetta gert samkvæmt tillögu úr fjárhagsáætlun þrátt fyrir að ljóst væri orðið að vegna biðlauna aðstoðarskólastjórans yrði enginn sparnaður með uppsögninni.

„Meðan málið var í vinnslu leit ég þannig á að það væri fyrst og fremst verið að ræða sparnað og þetta væri ekki persónulegt,“ segir Jóna Benediktsdóttir, fyrrum aðstoðarskólastjóri. „Þegar upp er staðið eru þetta ekki fjárhagsleg rök og aldrei hefur verið fundið að mínum störfum,“ segir



ÍSAFIÖRÐUR Öðrum aðstoðarskólastjór-
anum var sagt upp störfum á dögnum. Uppsögnin hefur verið umdeild.

Jóna og bætur við að auðvelt sé að draga þá ályktun að málið snúist

um pólitík, en hún er fulltrúi minnihluta í bæjarstjórn.

„Ég fer ekkert leynt með það að ég hef oft gagnrýnt skólayfirvöld enda er það mitt hlutverk í minnihluta.“

Ingibjörg María Guðmundsdóttir er forstöðumaður Skóla- og fjöl-
skylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Hún segir uppsögnina fyrst og fremst vera breytingu á stjórnendaskipulagi. Málið hafi verið lengi á dagskrá og það sé af og frá að uppsögn Jónu sé af pólitískum toga. „Það hefur ekkert með hennar pólitísku skoðanir að gera hvort þessi staða eða aðrar eru lagðar niður.“

- þeb

Barnsránið í Nígeríu:

Slepptu ensku stúlkunni

NÍGERÍA, AP Nígerískir mannræningjar hafa sleppt þriggja ára gamalli enskri stúlku, Margaret Hill, sem þeir rændu á fimmtudag. Mike Hill, faðir stúlkunnar, sagði að dóttur sinni hefði verið sleppt vegna þrýstings frá nígerískum stjórnvöldum.

Mannræningjarnir kröfðu foreldra stúlkunnar um lausnargjald og hótuðu að drepa hana ef þeir fengu það ekki. Að sögn föður hennar greiddu þau ekkert lausnargjald.

Margaret er þriðja barnið sem er rænt í Nígeríu undanfarnar sex vikur; hinum tveimur var sleppt eftir nokkra daga í haldi.

- ifv

Sumartilboð Vildarþjónustunnar

50%

afsláttur af flugi hjá Flugfélagi Íslands í sumar. Nánar á spar.is

www.spar.is



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



SPARISJÓÐURINN

Vildarþjónusta

Tvennt tekið fyrir fjársvik:

Sviku út vörur á annars kort

LÖGREGLUMÁL Tæplega fertugur maður og kona um tvítugt voru handtekin á Selfossi í síðustu viku grunuð um fjársvik. Maðurinn hafði fundið peningaveski sem innihélt meðal annars greiðslukort.

Maðurinn greiddi í þrígang fyrir vörur með kortinu, meðal annars tóbak, samtals fyrir að verðmæti á sjöunda þúsund króna. Konan afgreiddi manninn, en hún þekkti hann og var fullkunnugt um það í öll skiptin að hann væri ekki að nota eigið kort.

Bæði gengust þau við brotunum við yfirheyrslur og hefur málið verið sent ákærvaldinu til meðferðar.

- sh

PÓLLAND

Ráðherra rak varamann sinn

Forsætisráðherra Póllands, Jaroslaw Kaczynski, rak varaforsetisráðherra sinn í gær. Í kjölfarið hótaði varamaðurinn að yfirgefa ríkisstjórnina og sprengja þingmeirihlutann.

NEYTENDUR

Vodafone kynnir sparnað

Neytendasamtökin fagna því á heimasiðu sinni að Vodafone hafi hrint af stað kynningarátaki um sparnaðarráð varðandi farsímanotkun í útlöndum. Neytendasamtökin hvetja farsímanotendur til að kynna sér reglur um símtöl í útlöndum.



GÆÐINGARNIR AFHENTIR Borgarstjóri Reykjavíkur afhendir starfsbróður sínum í Moskvu íslenska gæðinga að gjöf. Hestarnir eru nú sýndir almenníngi í Moskvu.

Bankar borga tvær milljónir fyrir gæðinga

Glitnir og Norvik greiddu saman tvær milljónir króna fyrir tvo íslenska hesta sem borgarstjórnir í Reykjavík færði starfsbróður í Moskvu að gjöf.

STJÓRNSÝSLA „Menn fengu hreinlega tár í augun,“ segir Jón Kristinn Snæhólm, aðstoðarmaður borgarstjóra Reykjavíkur sem um helgina afhenti starfsbróður sínum í Moskvu tvo íslenska reidhesta til eignar.

Fjármálafyrirtækin Glitnir og Norvik lögðu fram fjármagn til kaupanna á tveimur úrvalsgæðingum, þeim Kolstakki undan Stíganda á Sauðárkróki og Frey undan Órion frá Litla-Bergi. Engir skriflegir samningar voru gerðir um verkefnið en hvort fyrirtæki mun hafa lagt fram eina milljón króna til kaupa á hestunum og reidtygjum. Flugleiðir fluttu síðan gæðingana endurgjaldslaus til Moskvu sem og tvo knapa og dýralækni.

„Fyrir okkur var kærkomið tækifæri þegar borgarstjóri bauð upp á það að atvinnulífið tæki þátt í þessari heimsókn og við ákváðum að nýta okkur það til að koma okkur á framfæri í Moskvu,“ segir Pétur Hrafn Óskarsson talsmaður Glitnis.

Að sögn Péturs keypti Glitnir fyrr á þessu ári finnska fjármálafyrirtækið Fim sem rekur 40 manna skrifstofu í Moskvu. Segir hann fyrirtækið hafa fengið afar góða kynningu í tengslum við heimsókn borgarstjórnar.

Í sama streng tekur Hjalti Baldursson, framkvæmdastjóri Norwest, dótturfélags Norvikur. „Norvik banki var að opna nýjar höfuðstöðvar í Rússlandi og borgarstjóri tók þátt í að opna þær. Þetta tókst gífurlega vel og það var gerður góður rómur að þessari ferð í hvívetna,“ segir Hjalti sem kveður Norvik hafa



GÆÐINGARNIR Kolstakur og Freyr tóku sig glæsilega út með knópum sínum.

greitt fyrir annan hestinn en vill ekki staðfesta að fyrirtækið hafi lagt fram eina milljón króna.

Jón Kristinn segir hugmyndina að því að færa Júrís Luzhkov borgarstjóra Moskvu íslenska reidhesta að gjöf eiga rætur að rekja til þess að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hitti Luzhkov í heimsókn hans á Íslandi árið 2001. „Lushkov hafði lesið sér til og talaði þá mikið um íslenska hestinn og sagði hann vera stórmerkilega skepnu,“ segir Jón Kristinn sem kveður gjöfina hafa fallið í feykigóðan jarðveg.

„Rússarnir héldu vart vatni yfir hestunum og Luzhkov skoðaði þá í krók og kring. Tveir íslenskir knapar í landsliðsbúningum sýndu hestana og allar gangtegundirnar. Þetta var alveg æðislegt og við í íslensku sendinefndinni vorum afar stolt.“

Aðspurður segir Jón Kristinn vissulega um óvenju rausnarlega gjöf að ræða. „Þetta verður ekki toppað. Vonin er sú að þessi gjöf opni íslenska hestinn leiði inn í Rússland,“ segir hann.

gar@frettabladid.is

Verð frá 2.590.000 kr.



ASKJA



Fjölhæfur eins og þú

Mercedes-Benz B-Class er hinn fullkomni fjölskyldubíll og býr yfir sveigjanleika sem fáir aðrir bílar geta státað af. Hann er ótrúlega rúmgóður miðað við hversu nettur og lipur hann er auk þess að vera kraftmikill, þægilegur og sportlegur, allt í senn. Hann er nefnilega fjölhæfur eins og þú og er bæði fánlegur með bensín- og dísilvél.



Mercedes-Benz

SUMARTILBOÐ

Ódýrari metsölubækur

3 fyrir 2*

Ef þú kaupir tvær erlendar metsölubækur þá fylgir sú þriðja frítt með!

*Sú ódýrasta fylgir frítt með. Tilboðið gildir til og með 21. júlí.



Tungumálanámskeið

Frábært úrval af tungumálanámskeiðum á geisladiskum.



Ferðatöskur

Farsælar ferðatöskur fyrir fríð.



Office **1** Superstore

99 kr. dagurinn



99 kr/pk.

Smábílar 7 sm, 10 teg



99 kr/stk.

Sultukrúkkur 3 stærðir



99 kr/pk.

Fiðrildi 6 stk. Bl. litir



99 kr/pk.

Gashylki f/ rjómasprautu



99 kr/pk.

Celebration glös 3 stk.



99 kr/pk.

Drykkjarkanna í tindós



99 kr/pk.

Smekkir 3 í pakka



99 kr/stk.

Sápukúlutæki



99 kr/stk.

Vatnsbyssa lítill



99 kr/stk.

Simba vatnsbyssa XS 150



99 kr/stk.

Sápukúlur m/ sleikjó, 60 ml



99 kr/pk.

Vatnsblöðrur



99 kr/stk.

Myndavél lítill, 4 litir

Gildir 10. júlí á meðan birgðir endast.



99 kr/pk.

BKI kaffi Extra 400 g



Risabrauð 1 kg



Tab 2 l plast



Brazzi ávaxtasafi



MS ab mjólk 1 l



Pop Secret örbylgjupopp 298 g



McVities súkkulaði kex



Kjarnafæði hrásalat 350 g



Myllu hvítlauksbrauð
fínt eða gróft



Holta kjúklingapylsur
5 stk. í pakka



Ítalskar pizzur 2 stk./pk.



Súkkulaði- eða vanilluís



Kirsuberjatómatar 250g

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Frestur til að skila umsóknum í Rannsóknarsjóð og Tækjasjóð er til 1. október næstkomandi og er auglýst eftir umsóknum í sjóðina. Rannsóknarsjóður styrkir skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja og skiptast styrkir í verkefnisstyrki, öndvegisstyrki og rannsóknastöðustyrki.



Útsala er hafin í Ikea og stendur hún yfir til 29. júlí. Í Ikea má finna ýmislegt sniðugt fyrir heimilið á góðu verði auk þess sem nú er einnig hægt að kíkja við í sænska matarhorninu á veitingstaðnum og prófa eitthvað nýtt.




Ný gjaldskrá fyrir greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í hjartalækningum sem eru án samnings við stofnunina var nýlega gefin út af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og tók hún gildi 1. júlí. Á vef Tryggingastofnunar, www.tr.is, má sjá gjaldskrána.

allt

Herpes gegn krabbameini

Herpes-veiran gæti nýst í baráttunni við krabbamein.

Ein tegund herpesveirunnar sem vísindamenn hafa þróað gæti reynst vel í baráttunni við krabbamein. Ný rannsókn sem kynnt var á læknaáráðstefnu í Lugano í Sviss gefur til kynna að veiran eyði krabbameinsfrumum. Herpes-veiran, sem heitir NV1020, hefur verið breytt af vísindamönnum þannig að hún fjölgi sér í krabbameinsfrumum og eyði þeim um



Herpes-veiran er kannski ekki eins slæm og flestir halda.

leið. Veiran virðist samkvæmt fyrstu gögnum ekki gera heilbrigðum frumum mein. „Við vonumst með þessu til að geta veitt meðferð við krabbameini án aukaáhrifa,“ segir Dr. Axel Mescheder hjá líf-tæknifyrirtækinu MdiGene í München. Veiran hefur verið prófuð á dýrum en um þessar mundir stendur yfir rannverði er að prófa meðferðina á mönnum.

Gen sem veldur astma fundið

Hugsanlega hægt að þróa lyf gegn astma í framtíðinni

Vísindamenn við háskóla í London hafa uppgötvað stökkbreytt gen sem getur aukið hættuna á astma um allt að 80 prósent. Í rannsókn sem náði til meira en 2.000 barna fannst eitt gen sem er hugsanlega orsök astmasjúkdómsins. Þó að hlutverk gensins sé vísindamönnum enn ráðgáta þá telja þeir að uppgötvun þess auki möguleikana á því að hægt

verði að þróa lyf gegn astma. „Uppbygging gensins er slík að lyf ættu að virka á það,“ segir William Cookson, prófessor í öndunarfræðisáfræði við Imperial College í London, sem jafnframt fór fyrir rannsókninni. „Við munum nú rannsaka möguleikann á því, en það mun taka nokkur ár áður en hægt verður að þróa raunhæfa sjúkdómsmeðferð.“ Greint er frá rannsókninni í nýjasta eintakinu af Nature.

- kep



Vísindamenn við háskóla í London hafa fundið stökkbreytt gen sem eykur líkurnar á astma um allt að 80 prósent.



Matis varð til með sameiningu þriggja ríkisstofnana sem hafa unnið að matvælarannsóknum og þróun í tengslum við matvæla-iðnað: Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir á Keldnaholti og Rannsóknastofnu Umhverfisstofnunar. Ólafur er til hægri, ásamt öðrum starfsmanni Matis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Upplýsingaveita um efnainnihald matvæla

Á heimasíðu Matis, www.matis.is, er að finna gagnagrunn með upplýsingum um efnainnihald matvæla.

„ÍSGEM er gagnagrunnur sem geymir upplýsingar um efnainnihald matvæla á íslenskum markaði og hefur nú í fyrsta sinn verið birtur á netinu,“ segir Ólafur Reykdal, verkefnastjóri hjá Matis ohf. „Við létum útbúa forrit sem flytur gögnin úr grunni fyrirtækisins og beint á heimasíðuna okkar www.matis.is.“

Að sögn Ólafs er hægt að leita eftir um það bil 900 fæðutegundum í ÍSGEM og finna upplýsingar um hverja og eina. „Eins og orkugildi hverrar eða nánar tiltekið kílókalóríur, fitu í matvælum, prótein, kolvetni og viðbættan sykur,“ útskýrir hann. „Líka upplýsingar um bætiefni, eins og vítamín og steinefni.“

Ólafur bendir á að ÍSGEM sé sniðugt meðal annars fyrir þá sem ætla að halda í við sig eða forðast ákveð-

in efni, eins og þeir sem vilja takmarka salt- eða syurmagn í matnum hjá sér. Enn sem komið er sé þó ekki hægt að fletta upp óhollustu eða óæskilegum efnum eins og hann kallar þau, þar sem uppbyggingu gagnagrunnsins sé ekki lokið.

„Svo er tiltölulegt auðvelt að nota gagnagrunninn,“ segir Ólafur. „Sumum gæti þótt upplýsingamagnid helst til mikið, en þá er hægt að nálgast upplýsingarnar á pdf-skjölum, sem eru vinstra megin á heimasíðunni. Með því að smella á þann lið framkallast listi yfir fæðutegundir og síðan er hægt að skoða vörur í töflum á einföldu formi. Þar er líka auðveldara að bera saman vörutegundir.“

Birtingin á netinu er þó aðeins fyrsti liðurinn hjá Matis í að gera gögn um matvæli aðgengileg á vefsíðu fyrirtækisins, eins og fyrr sagði. Næst verða settar inn ítarlegri upplýsingar um matvæli og skýringartextar með þeim og upplýsingar um aðskotaefni fyrir fisk og fiskafurðir.

roald@frettabladi.is

JÚLÍ

Kafbátur mánaðarins

PIZZABÁTUR ...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



6 tommu bátur kr. 299

Gildir í júlí 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjornumáli

SUBWAY

Ert þú á leiðinni út úr bænum?
Þú færð kafbát allan sólarhringinn á N1 Ártúnshöfða og N2 Hringbraut



Hlaup

í hádeginu er góð leið til að komast í form. Margir vinnustaðir eru með sturtu og þá er hægt að mæta hress til leiks eftir hádegi.

Stinnari á 4 vikum...

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!



SLENDERTONE

System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

eða 6.660 á mán. í 3 mán.



Hugleitt í Bláfjöllum

Hugleiðsluleiðbeinandinn

Pierre Stimpfling verður með hugleiðsluhelgi í Bláfjöllum helgina 13.-15. júlí þar sem hann leiðbeinir fólki við að ná tökum á hugleiðslunni með nýrri aðferð.

Ólöf Sværisdóttir heldur utan um hugleiðsluhelgina ásamt fleirum og segir aðferðir Pierre hafa skil að góðum árangri fyrir þá sem hafa numið þær. „Hann hefur komið hingað til lands nokkuð reglulega til að kenna þessa tækni sem hjálpar fólki við að opna fyrir tilfinningar sínar og hleypra út því sem situr fast,“ segir Ólöf og tekur þá gamla sektarkennd sem dæmi. „Sumir verða fyrir sterkri andlegri upplifun við að fara á námskeið hjá honum því þegar opnað er fyrir tilfinningarnar þá er eins og opnast líka fyrir sterka tengingu við eitthvað andlegt og æðra,“ bætir hún við.



Í hraða nútímasamfélags getur verið gott að kunna að slaka vel á með hugleiðslu.

„Dagskráin er mjög afslöppuð alla helgina og þrátt fyrir að það sé dagskrá þá er líka svigrúm fyrir fólk til að spjalla saman. Eins er þögn og íhugun hluti af dagskránni.“

Ólöf segir námskeiðin hafa verið vel sótt í gegnum tíðina og

að þau virðist verða vinsælli með tímanum því aðsókn og eftirspurn hafi aukist mikið. „Margir fá mjög mikið út úr því að fara úr amstri hversdagsins í sveitakyrrðina og hugleiða heila helgi,“ segir Ólöf.

sigridurh@frettabladid.is

fyrir einbeitninguna



Póstsendum um land allt

Útsölustaðir: Yggdrasil, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lífandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nótún Hafnarfirði, Krónan Mostellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn



Pierre Stimpfling kennir nýja aðferð til hugleiðslu þar sem hann hjálpar fólki að opna fyrir tilfinningar sínar.

Geispinn kælir heilann

Geispi er ekki ábending um sùrefnisskort eins og margir halda.

Ný rannsókn sálfræðinga við Albany-háskólann í New York-ríki bendir til þess að geispi sé ekki ábending um sùrefnisskort eins og almennt hefur verið álitid. Sálfræðingarnir rannsökuðu 44 nemendur og komust að því að við geispa berst kalt loft til heilans og kælir hann þannig að auðveldara er fyrir viðkomandi að halda sér vakandi.

Nemendurnir voru látnir horfa á myndband af fólki að geispa en sú staðreynd er alþekkt að geispi er

bráðsmitandi. Þeir nemendur sem önduðu í gegnum nefið voru ólíklegri til að geispa heldur en þeir sem önduðu með munnum. Töldu rannsakendur það stafa af því að æðar í nefholi sendi kalt loft til heilans. Þá geispuðu þeir nemendur mun minna sem höfðu kaldan bakstur á enninu en þeir sem höfðu heitan bakstur.

Almennt hefur verið talið að fólk geispi þegar það vanti sùrefni. Rannsakendur komust hins vegar að því að það hafði engin áhrif á geispa hvort sùrefnismagn í blóði var hækkað eða lækkað.

Af fréttavef BBC



Hann er bara að halda sér vakandi.

Tjáðu þig!



Bloggaðu með símanum!
Hvar sem er og hvenær sem er!

Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg




BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi



BARNAVITAMÍN
Lakkrís, Berja og ávaxtabragð

Fæst hjá: Yggdrasil

Dreifingaraðili, S.L.I ehf., Sími: 866 9512



Besta starf í heimi?

SMOKKAFRAMLEIÐANDINN DUREX LEITAR EFTIR ÁSTRÖLSKUM KARLMÖNNUM TIL AÐ PRÓFA SMOKKA.

All sérstæð auglýsing birtist í áströlskum blöðum nýverið. Þar var smokkaframleiðandinn Durex á ferðinni sem auglýsti eftir 200 karlmönnum til að prófa smokka frá fyrirtækinu.

Sumum fyndist þetta eflaust besta starf í heimi en launin eru ekkert til að hrópa húrra fyrir. Allir fá þáttakendur frían pakka af Durex smokkum auk þess sem einn heppinn fær 425 dali. Í staðinn eiga mennirnir að gefa skýrslu um hvernig afurðin reyndist.

Allir fá þáttakendurnir frían smokkapakka að launum.



Svalirnar eru tilvaldar sem aukaborðstofa í sumar. Veðrið er svo gott að það er ekki úr vegi að halda settleg kaffið á sunnudögum á svölunum í sumar.



Brilliant Bjartur, inni- og útiljós, sem breytir um lit og lýsingu og hafnaði í fyrsta sæti í Milánó.

Vann fyrstu verðlaun í hönnunarkeppni á Ítalíu

María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir sigraði í alþjóðlegri hönnunarkeppni í Milánó á Ítalíu.

Ljós eftir íslenskan hönnuð, Maríu Sjöfn Dupuis Davíðsdóttur, prýðir forsíðuna á ítalska hönnunartímaritinu Ottagono, sem er lesið um allan heim og nýtur töluverðrar virðingar fagaðila. Ástæðan er sú að ljósið hlaut fyrstu verðlaun í alþjóðlegu hönnunarkeppninni EuroLuce í Salone de Mobile, sem var nýlega haldin í Milánó á Ítalíu.

„Ég ákvað að senda ljósið inn í gamni,“ útskýrir María Sjöfn og er hógværdin uppmáluð, þótt hún hafi borið sigur af fimmtíu hönnuðum hvaðanæva að úr heiminum. „Ljósið kallast Brilliant Bjartur og er þeim eiginleika gætt að geta, með hjálp innbyggðs skynjara, breytt um lit og lýsingu í takt við dagsbirtu.“

Eins og fyrr sagði hafnaði María Sjöfn í fyrsta sæti fyrir Brilliant Bjart, en í umsögn dómnefndar segir meðal annars að ljósið sé vitnisburður um einfalda og einstaklega fallega hönnun, sem hafi borið af í keppninni. Nánari lýsingu á eiginleikum ljóssins er



María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir hafnaði í fyrsta sæti í hönnunarkeppni í Milánó.

síðan að finna í tímaritinu Ottagono, ásamt fleiri ljósmyndum. Er þar útskýrt að form þess dragi dóm af hefðbundinni klukku, sem undirstriki framrás tímans og breytingarnar sem verða á birtunni samfara henni.

Þess má geta að þetta er ekki í fyrsta sinn sem verk eftir Maríu Sjöfn vekja alþjóðlega athygli. Ljós eftir hana, sem kallast Time Square, lenti til að mynda í undan-

keppninni á Braunprize 2003. Fyrir ullarverkið Ilja, sem var til sýnis í New York, var hún síðan valin ein af níu alþjóðlegum ungum hönnuðum til að taka þátt og sýna á hönnunardögum á Diesel Stylelab í New York.

Framganga Maríu Sjafnar hefur vakið nokkra athygli og átti þátt í því að hún fékk nýverið vinnu hjá Foster + Partners, einu stærsta arkitektafyrirtæki í heimi, sem er í eigu Normans Foster lávarðs og er í London.

En hvaða þýðingu skyldi sigurinn hafa fyrir hönnuðinn? „Ég veit það ekki enn þá, annað en að ljósið fer nú í framleiðslu,“ svarar hún hress að bragði. „Annars ætla ég nú ekki að láta sigurinn snúa öllu á hvolf og einbeita mér frekar að því sem ég er að gera hérna úti.“

roald@frettabladid.is



Með Ilju var María valin í hóp hönnuða sem sýndu á Diesel Stylelab.



Times Square-ljósið lenti í undankeppninni á Braunprize 2003.

Handklæði úr lífrænni baðmull í verslanir

LÍFRÆN BAÐMULL INNIHELDUR ENGINN EITUREFNI

Handklæði úr lífrænt ræktaðri baðmull fást nú hérlendis. Heildverslunin Safallinn sér um innflutning á handklæðunum en þau koma frá sænska fyrirtækinu Dibb. Hefðbundin baðmull inniheldur 250 eiturefni sem geta valdið krabbameini, húðsjúkdómum og ofnæmi, segir í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu. Jafnframt segir þar að við framleiðslu á einu kíló af hefðbundinni baðmull sé notað eitt kíló af eiturefnum sem öll



eru krabbameinsvaldandi. Dibb er fyrsta og eina vefnaðarvöru-fyrirtækið á Norðurlöndunum sem hefur hlotið SIS-umhverfissvaninn, sameiginlegt umhverfismerki Norðurlandanna. Handklæðin frá Dibb fást í Maður lifandi, Heilsuhúsinu, Eggi, Fræinu Fjarðarkaupum og Heilsubúðinni í Hveragerði.

Handklæði ofín úr lífrænt ræktaðri baðmull fást nú hérlendis.

EKTA GÚMMÍ-SKÓR

VARIST EFTIRLÍKINGAR



XENA

BORGARNESI S: 437 1240



Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.

Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.

G. PÁLSSON EHF.

Símar 462 – 2272 og 896 - 0423

Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman. Skrúfufritt og smellt saman.



kr.8.530.-
viðbótareining kr. 6.369.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA
UM HELGAR

8-18
11-16

BÍLAR & FARARTÆKI



Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðal. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda Cx-7 2.3L Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda CX-9 3.5L V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is



Toyota Hilux DC dísel
38" breyttur, ek. 120 þús. á vél, skoðaður 08, loftlæstur, álfelgur, hlutföll, kastarar ofl. Gott efni í góðan fjallabíl verð 490 þús. Upplýsingar hjá Bílasölu Íslands 510 4900.

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
www.bilasalaislands.is



Ford Transit húsbíll árg. 2006 ek. 5 þ.km Gerfihnattadiskur klósett heitt og kalt vatn, sturta, lofkæling, ísskápur með frysti og margt fleira. Verð 5800 þús möguleiki allt að 100% láni. Bílabankinn S.588 0700.

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is



Nissan Almera 1.6 SLX Árg. 1999, ek. 129 þ.km, Sjálfsk. Verð 490 þ. Getum útvegað allt að 100% lán. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2, S. 562 1717, sjá fleiri myndir á www.bilalif.is



Nissan Almera Acenta. Árg. 2004, ek. 57 þ.km, Sjálfskiptur álfelgur, spoiler ofl. V. 1.280 þ. Möguleiki á 100% láni. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2, S 562 1717, sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is



Harley Touring Flhtci Electra Glide árg. 05 ekið 3þ. mílur. Verð 2650þ. glæsilegt hjól. Uppl. 420 6600 raðnr. 202697.

Toyotasalurinn
Sími: 4206600



Honda Accord Sport árg. 3/2005 ek. 37 þ.km Sjálfskiptur. Verð 2.290 þús.



Ford Mustang GT V8 árg. 8/2005 ek. 14 þ.km Sjálfskiptur. Verð 3.790 þús. Fallgur bíll.

Heimsbilar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
Til sýnis og sölu á
Heimsbílum Kletthálsi 2 S:
567-4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is



Renault Master rúta árgerð 2005, 18 manna, stærri vélin 150 hð, ekinn aðeins 60 þús. km., mjög vel útbúinn sk. '08, 100% lánað, verð kr. 3.890.000. S. 821 6292 & 562 1717



Renault Master pallbill árgerð 10/2004, 3 manna, dísel, ekinn 90 þús. km., þjónustubók, sk. '08, 100% lánað, verð 1.980.000,- m.vsk. 821 6292 & 562 1717

Breiðan ehf
Sími: 821 6292



100% VAXTALAUS LÁN TIL ALLT AÐ 48 MÁN af völdum bílum og LÆKKAD VERÐ af fjölda bifreiða.



Hyundai Sonata GLS, 3/2005, ek. 35þús km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, Dráttarkúla, Kastarar, Rafm. í rúðum og speglum, Reyklauss, Smurbók o.fl. Ásett verð: 1.995þús



MMC Pajero GLS DI-D 33" breyttur, 12/2000, ek. 165þús km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, Dráttarbeisli, Filmur, CD, Glertoppluga, Leður, Cruise Control, Kastarar, Þakbogar o.fl. Ásett verð: 2.780þús



Subaru Legacy GL, 7/2004, ek. 24þús km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, CD, Fjarstýrðar samlæsingar, Rafm. í rúðum og speglum o.fl. Ásett verð: 1.650þús



Hyundai Tucson 2.7 V6, 2/2005, ek. 15þús km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, CD, Rafm. í rúðum og speglum, Þakbogar, Þjónustubók o.fl. Ásett verð: 2.390þús



Toyota LandCruiser 90VX Diesel 33" breyttur, 11/2000, ek. 126þús km, Sjálfskiptur, ABS, Dráttarbeisli, CD, Leður, Rafm. í sætum, Stigbretti, Varadekkhlíf o.fl. Ásett verð: 2.250þús



VW Caddy 1.6L, 4/1999, ek. 137þús, Beinskiptur, Álfelgur, Segulband, Útvarp og Vökvastýri. Ásett verð: 290þús



Hyundai Accent 1300 LSI, 2/2002, ek. 99þús km, Beinskiptur, CD, Líknarbelgir, Velti og Vökvastýri o.fl. Ásett verð: 490þús Tilboð: 290þús -stgr-



BMW 520i, 7/2003, ek. 96þús km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, CD, Glertoppluga, Leður, Cruise Control, Rafm. í rúðum og speglum, Smurbók, Stöðuleikakerfi og Spólvörn. Innfl. af umboði. Ásett verð: 2.390þús



SsangYong Musso 2.9 Diesel, ek. 189þús km, Beinskiptur, Álfelgur, Dráttarbeisli, Líknarbelgir, Rafm. í rúðum og speglum, CD o.fl. Tilboðsverð: 390þús



Skoda Superb, 8/2006, ek. 19þús km, Beinskiptur, ABS, Aksturstölva, Álfelgur, Dráttarkúla, CD, Rafm. í rúðum og speglum, Reyklauss, Smur- og Þjónustubók o.fl. Ásett verð: 2.190þús Áhv. Lán 1.760þús afb. 29þús á mán.



Daewoo Tacuma CDX, 11/2003, ek. 50þús km, Sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, Armpúðar, CD, Kastarar, Rafm. í rúðum og speglum, Reyklauss o.fl. Ásett verð: 1.190þús Tilboð 990þús -stgr-



SsangYong Musso 2.9 Diesel, 4/1998, ek. 164þús km, Beinskiptur, Álfelgur, Dráttarbeisli, CD, Rafm. í rúðum og speglum, Smurbók o.fl. Tilboðsverð: 390þús

Bíldshöfða 10 - S: 577 2800 / 587 1000

AEG
ELDHÚSPAKKINN

Keramikkelluborð
4000 W
Fýrar hvíttáskur - Svartir
Tímasíða & Öflug heilum
"Automa" stíling. Bytur á að fara á mesta hita,
en leitar síðan á varða stílingu
Fylgira þessa eldhúspakkinn
Kl. 79.999

TILBOÐSVERÐ: Allur pakkinn:
109.900

Háfur
AEGE F1401 3
Til uppsetningar á vegg
Fyrir útblástur eða loftflöt
Kl. 23.059

Veggofn, stál
AEG C6407002 9 891-44
Fjögurur úti með 9 algerlum
Læðvænðisnaður
Sérstök stíling
"SOFTON" þröskil gegir lofturb. aðveisla
þrf. - kaldri hendi - Stöknaþer
Kl. 77.789

Sími 530 2907 / 530 2908

SETTU ÞAÐ SAMAN



202.048,-
Nýtt 2007

ORMSSON LÁN: Mánudaginn 20. júlí 2007 kl. 10.30

Velkomin
í óvenjulega
verslun!

ORMSSON

www.ormsson.is

suðurland

ÞRIÐJUDAGUR 10. JÚLÍ 2007

Kýr fá ekki frí
Strákarnir á Stærri-
Bæ II sitja ekki auðum
höndum í sumar **BLS. 2**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Vörn gegn brunaslysum • Tvöfalt brunaöryggi Termix hitastýring fyrir setlaugar frá Danfoss

- Rafeindastýring nemur hitastig í setlauginni
- Lokar fyrir innrennsli þegar óskuðu hitastigi er náð
- Ódýr og hagkvæm lausn
- Vönduð vara, lítill viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu

Danfoss

www.danfoss.is

stillu
STILLUM HITANN
HÖFLEGA

www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Stúlkan sem elskaði fossinn

Sigríður Tómasdóttir frá Brattholti var sennilega fyrsti náttúruverndarsinninn á Íslandi. Hún var frá bænum Brattholti við Gullfoss og tilheyrði fossinn landareign Brattholts.

Sigríði, sem var fædd árið 1874, var mjög annt um fossinn og lagði að honum fyrstu göngustígana og tók að sér að fylgja gestum að fossinum. Í byrjun 20. aldar þegar erlendir fjárfestar íhuguðu að virkja íslenska fossa hóf Sigríður mikla

baráttu. Hún setti sig upp á móti valdamestu mönnum landsins og gekk svo langt að hún hótaði að fleygja sér í fossinn yrði hann virkjaður. Margir telja að harðfylgi Sigríðar hafi á endanum komið í veg fyrir að fossinn yrði virkjaður.

Við Gullfoss hefur verið reistur minnisvarði um stúlkuna sem elskaði fossinn og árið 1990 var opnað upplýsingasetur á efra bílplaninu við Gullfoss sem nefnt var Sigríðarstofa. -rh



Ný reiðhöll í Biskupstungum

Ný reiðhöll var vígð í byrjun júlí að Friðheimum í Biskupstungum. Markmiðið er að halda hestasýningar fyrir ferðamenn þar sem gestir geta hlustað á fróðleik og séð íslenska hestinn af áhorfendapöllum.

Eftir sýningu verður síðan hægt að komast í návígi við hestana og fara á bak. Höllin er með aðstöðu fyrir tuttugu hross og verður höllin einnig nýtt fyrir hrossarækt, tanningar og reiðkennslu.

Eigendur reiðhallarinnar að Frið-



Íslenski hesturinn býður erlendum ferðamönnum upp á sýningar í nýju reiðhöllinni að Friðheimum í Biskupstungum.

heimum eru Knútur Rafn Ármannsson og Helena Hermundardóttir. -rh



Strákarnir á Stærri-Bæ II, þeir Sigurður og Guðjón Ágústssynir, eru miklir dugnaðarforkar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Beljur fá ekki frí um helgar

Strákarnir á Stærri-Bæ II eru á peysispani í allt sumar og telja ekki eftir sér að reka kúr eða stunda heyskap.

Guðjón og Sigurður Ágústssynir eru 11 og 12 ára strákar sem eru fæddir og uppaldir að Stærri-Bæ II í Grímsnesi. Þeir voru í óða önn að moka úr fjósinu þegar blaðamaður bar að garði, en gátu þó aðeins lagt frá sér gaffalinn til að spjalla.

„Okkar starf á sumrin er að fara út með beljurnar á morgnana og ná í þær aftur á kvöldin. Síðan þurfum við að passa heimalningana Doppu og Skoppu og gefa þeim að borða,“ segir Guðjón.

Heimalningarnir þurfa að fá

heita mjólk fjórum sinnum á dag og strákarnir sjá um að hita hana sjálfir. Þeir taka líka til hendinni í fjósinu þar sem Guðjón hefur þurft að kljást við kóngulær síðastliðna daga.

„Það er svolítið mikið af kóngulóm í fjósinu og ég er búinn að vera að veiða þær í dag. Mér líkar nefnilega ekkert sérstaklega vel við þær,“ segir Guðjón. Verkefnin eru fjölbreytt í sveitinni og strákarnir eru sammála um að þeir vilji frekar vera heima innan um dýrin og náttúruna heldur en að fara í sumarþúðir eins og borgarbornin.

Að sögn Guðjóns eru kýrnar oftast blíðlyndar en ef þær eru til vandræða þurfa þær bara að kalla svolítið á þær og kannski ýta aðeins við þeim með beljupríkinu. Kýrn-

ar eru þrjátíu og tvær og strákarnir eru ekki í neinum vanda með að þekkja þær í sundur.

Á veturna taka strákarnir að mestu frí frá sveitastörfum og sinna náminu við Ljósaborgarskóla þar sem þeir stunda nám ásamt þrjátíu krökkum úr sveitinni. Skólabíllinn nær í þá á morgnana og síðan fara þeir á handboltaæfingar inn á Selfoss. En þrátt fyrir að nóg sé að gera í sveitinni hafa strákarnir líka tíma til að horfa á barnaefnið og komast í sumarfrí.


„Beljurnar taka sér ekkert frí en við ætlum til Svíþjóðar í ágúst og látum passa þær á meðan. Síðan til Taílands í mánuði um júlín. Þá verður ágætt að fá frí frá beljunum,“ segir Guðjón. -rh@frettabladid.is

Elipex
EINANGRUÐ PEX PLASTRÖR



Miklar breytingar hafa orðið við lagningu hitaveitna þar sem foreinangruð plaströr eru nú notuð í grennri lögnum í meiri mæli, í stað hefðbundinna hitaveituröra úr stáli.

Röraverksmiðjan SET er eitt fárra fyrirtækja í heiminum sem framleiðir foreinangruð PEX rör í nýrri og tæknilega fullkominni framleiðslulínu.



SET

SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: http://www.set.is



Byggðin undir hrauninu er heimild um lífið í Vestmannaeyjum fyrir gosið árið 1973.

Gluggi inn í hraunið

Byggðin undir hrauninu er heiti á nýrri heimasíðu sem var opnuð í byrjun júlí. Síðan er hugarfóstur Helgu Jónsdóttur, frá Vestmannaeyjum, sem sjálf missti æskustöðvar sínar í gosinu árið 1973.

Helga hefur unnið að síðunni síðan um aldamót en fyrir ári kom Vestmannaeyjabær inn í verkefnið. Síðan er að sögn Helgu virðingavottur við fólkið sem missti allt og hafði kjark til að snúa aftur, ásamt heimildum um menningu, mannlíf og byggðina sem var fyrir gosið í Vestmannaey-

jum. Um 3-400 heimili fóru undir hraunið sem tilheyrði austurbænum í Vestmannaeyjum.

Á síðunni er yfirlit yfir þær götur sem fóru undir hraunið ásamt húsnúmerum. Þar er að finna upplýsingar um tiltekið hús og íbúa, ásamt myndum ef þær hafa borist til Helgu. Síðan er að sögn Helgu eins konar gluggi inn í hraunið. Bæði fyrir þá sem þar bjuggu og fyrir unga fólkið í Eyjum.

Slóðin er: byggdin1973.eyjar.is

-rh



Leðursófasett 3+2, til í rauðu, hvítu og svörtu leðri Verð kr. 330.000.-




Hornsófi með innbyggðu rúmi Verð kr. 298.000.-



Leðursófasett 3+2, til í rauðu leðri Verð kr. 295.000.-



Ertu í húsgagnaleit?



Stækkanlegt borð f.20 manns



Italsofa

Verð kr. 284.000.-

Leðursófasett 3+1+1



Nabucco



Afar vönduð og sígild

borðstofuhúsgögn



Corinne

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koníaksbrúnt verð 229.000.- Einnig í Micro-áklæði. Verð kr. 198.000.-



Italsofa

Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri Litir: Brúnt og koníaksbrúnt

Verð kr. 275.000.-



Slökunarstólar í miklu úrvali

Tilboðsverð aðeins kr. **59.500.-**

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt

www.valhusgogn.is

Röllu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16



Aðsóknin í sundlaugin að Borg í Grímsnesi hefur farið fram úr björtustu vonum segir Kristín Ólafsdóttir sundlaugavörður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sveitungar synda á Borg

Fyrsta sundlaugin á Borg í Grímsnesi sem var vígð á sjálfan þjóðhátíðardaginn.

Sundlaugin að Borg í Grímsnesi var opnuð í byrjun apríl og þá fyrst til reynslu. Laugin var síðan formlega vígð í blíðskaparveðri á sjálfan þjóðhátíðardaginn.

Í vor fóru nemendur Grunnskólans Ljósuborgar í skólasund í nýju lauginni. „Aðsóknin hefur verið framar björtustu vonum og sveitungar og sumarbústaðafólk hefur verið duglegt að mæta,“ segir Kristín Ólafsdóttir, sundlaugavörður að Borg í Grímsnesi.

Sundlaugin hefur enn ekki fengið endanlegt nafn. Margar góðar hugmyndir eru á lofti og að sögn Kristínar bíða allir spenntir eftir hinu endanlega nafni.

Sundlaugin býður upp á 25 metra keppnislaug, vaðlaug, heitan pott og nuddpott ásamt gufubaði og stærðarinnar rennibraut sem trónir yfir lauginni og er að sögn Kristínar besta auglýsingin.

„Þetta er fyrsta laugin sem rís að Borg og er kærkomin meðal sveitunga og þeirra fjölmörgu gesta sem dvelja í bústöðum við Borg og í Grímsnesi ár hvert,“ segir Kristín.

Laugin mun fljótlega taka á móti

sundgölpum til æfinga og reiknar Kristín með því að keppt verði í lauginni áður en langt um líður.

Í sumar hafa farið fram sundnámskeið fyrir yngstu kynslóðina í sveitinni og hefur Magnús Tryggvason sundþjálfari haft veg og vanda af því námskeiði.

„Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir og við vonum að þessi sundnámskeið glæði áhugann á sundþróttinni meðal sveitunga,“ segir Kristín.

Sundlaugin að Borg í Grímsnesi er opin alla virka daga kl. 10.00-21.30 og um helgar kl. 10.00-19.00. Sími: 486-4402.

rh@frettabladi.is

Mikil fjölgun ferðamanna

Geysir í Haukadal er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins og má þar finna heilmikla þjónustu við ferðamenn.

Geysir Shops ehf. samanstendur af söluskála, minjagripaverslun og þjónustu við Geysisstofu, sem er fræðasetur. Elmar Freyr Vernharðsson er annar tveggja rekstraraðila fyrir Geysir Shops ehf.

„Það hefur verið mikil aukning á ferðamannastraumi undanfarið ár og við fáum gríðarlega stóran hluta ferðamanna á okkar svæði,“ segir Elmar og bætir því við að íslenskum ferðamönnum hafi fjölgað líkt og erlendum enda

hafi sumarbústöðum fjölgað gríðarlega í nágrenni við Geysi. „Yfir veturinn er að verða ótrúlega mikil aukning á ferðamannastraumi líka en þó eru þeir til fjórir mánuðir sem geta verið nokkuð daprir.“

Elmar segir að í Geysisstofu, sem er nokkurs konar fræðasetur, megi finna ýmsar upplýsingar um Geysi jafnt jarðfræðilegar sem sögulegar auk þess sem þar er jarðskjálftamælir og fleira sem gaman er að skoða. „Eins erum við með stóra minjagripaverslun og vinnum statt og stöðugt að því að auka vörurvalið þar en við erum með opið alla daga ársins þannig að það er heilmikil þjónusta hér fyrir ferðamenn,“ segir Elmar.

-sh



Elmar Freyr Vernharðsson er annar tveggja rekstraraðila Geysis Shops ehf. og stendur hér fyrir framan Geysi Center.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Niður flúðir og fljót

Rafting eða flúðasiglingar niður stórfljót njóta sifellt meiri vinsælda. Á Suðurlandi býður Arctic Rafting upp siglingu á þremur stórfljóttum á Suðurlandi: Hvítá, Markarfljóti og Hólmsá.

Ferðirnar eru misjafnar eftir ám og skiptast í þrennt. Flúðasigling niður Hvítá er ævintýrleg ferð sem endar á Drumboddsstöðum þar sem boðið er upp á heitan pott, gufubað, bar og veitingar.

Gljúfur Markarfljóts sýnir stórkostlega náttúru Íslands upp á sitt besta þar sem siglt er framhjá Þórsmörk umkringdri jöklum.

Hólmsá er æsispennandi ferð þar sem adrenalín og hraði eru einkunnarorðin.



Siglt niður Hvítá.

Í öllum ferðunum sitja þátttakendur 4 til 12 saman í uppblásnum bát ásamt leiðsögumanni. Allir klæðast blautgöllum, björgunarvestum og hjálmum auk þess að fá blautskó. Hægt er að velja um mismunandi erfiðleikastig siglinga, frá Class II til Class IV+. Allar nánari upplýsingar: www.articrafting.is

-rh

Bryggjuhátið á Stokkseyri

Bryggjuhátiðin á Stokkseyri fer fram dagana 12.-15. júlí fjórða árið í röð. Venjan er að bryggjan bregði sér í annan búning á meðan hátið stendur. Hún hefur bæði verið vettvangur fyrir listsýningar, tiskusýningar og tónleika en í ár breytist hún í þyrlopall.

Þyrlopallur Landhelgisgæslunnar kemur í heimsókn föstudagskvöld þar sem hinn sívinsæli Árni Johnsen treður upp með varðeld og söng.

Meðal annarra tónlistaratriða er hljómsveitin Karma á fimmtudags- og föstudagskvöld. Hljómsveitin Vítamín tekur síðan við fjörinu ásamt sunnlenskum unglingshljómsveitum á laugardag.

Á sunnudeginum verður hags-



Töfragarðurinn á Stokkseyri mun án efa skarta sínu fegursta á meðan Bryggjuhátið stendur.

munafélag hestaeigenda á Stokkseyri með hátiðardagskrá í tilefni 30 ára afmælis félagsins.

Alla hátiðina verða ljósmyndir frá fyrri hátiðum til sýnis við Skeljungsskálann. Dagskrá í fullri lengd er að finna á slóðinni www.stokkseyri.is.

-rh

- Gluggar
- Opnanleg fög
- Útihurðir
- Svalahurðir
- Rennihurðir
- Fura
- Mahogny
- Oregon pine
- Límtré
- Sprautulökkun
- Hálfþekjandi viðarvörn
- Olíuborin harðviður

Hafðu samband og við öllumst alla þætti fyrir þig. Komum á staðinn og tökum mál. Gerum fóst verðtilboð. Og öllumst uppsetningu ef þess er óskað.

GLUGGA- OG HURÐASMIÐJA SELFOSS

Gagnheiði 72 · 800 Selfoss · Sími 482 4100 · Fax 482 4102 · Netfang: ghs@ghs.is · www.ghs.is

De Dietrich

FULLKOMINN GLÆSILEIKI!

Luxus í sérstakki

GLÆSILEG **ESPRESSO KAFFIVÉL**

INNBYGGÐ KVÖRN
2.5 LÍTRA VATNSTANKUR
1 EÐA 2 BOLLAR Í EINU
HRÖÐ, MEÐAL, HÆG STILLING Á KAFFIBRUGGUN
RAFEINDASTÝRING
ÖFLUG VÉL FYRIR KAFFIUNNENDUR

SPANSUÐU- OG GLERHELLUBORÐ Í ÚRVALI



EINN FULLKOMNASTI OFNINN Á MARKAÐINUM

MEÐ ICS (INTELLIGENT COOKING SYSTEM)
ALSJÁLFVIRKT MATREIÐSLUKERFI
HRAÐHITUN Á OFNI, BIOGRILL, HALOGENLJÓS Í OFNI
ALSJÁLFVIRK LYKTEYÐANDI LOFTHREINSUN
PYROLYSE HREINSIKERFI MEÐ RAFEINDASKYNJURUM
ÞETTA ER OFNINN FYRIR MATGÆÐINGA



VIÐ DYRNAR

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Græni skógardrekinn á Njáluslóðum

Græni drekkinn ræðst sjaldnast á garðinn þar sem hann er lægstur.

Transformers-teiknimyndirnar er það fyrsta sem manni dettur í hug þegar Græni drekkinn sýnir listir sínar. Hann ferðast mikið á sögu-slóðum Njálu þessa dagana og er við mun friðsælli störf en aðrir drekar.

„Við erum að gróðursetja greni-tré hérna við Tumastaði þessa dagana. Trén verða síðan söguð niður í jólatré og enn önnur verða söguð niður í við til að smíða úr,“ segir Guðjón Helgi Ólafsson, skógræktarmaður og eigandi Græna drekans.

Græni drekkinn er Menzi Muck skógarvél sem á uppruna sinn í Sviss. „Vélin er hönnuð fyrir vinnu í svissnesku ölpunum þar sem land er mjög bratt og erfitt yfirferðar. Þess vegna hentar hún ágætlega fyrir íslenskar aðstæður,“ segir Guðjón Helgi.

Vélinni tengjast aukavélar eins og sænska plöntuvélin Bräcke og grisjunarvélin Woody 51 og frá austurríska fyrirtækinu Konrad.

„Plöntunarvélin sker upp þöku, snýr henni við og skýtur plöntunni ofan í. Síðan ber hún áburð og vökvar. Þessi aðferð hefur gefist



Guðjón og Græni drekkinn taka að sér skógræktarstörf og eru minna fyrir að spúa eldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

mjög vel við gróðursetningu á Íslandi. Grisjunarvélin aftur á móti grípur um tré, fellir það, afkvistar og sagar í fyrirfram ákveðnar lengdir,“ segir Guðjón Helgi.

Fyrirtæki Guðjóns Helga ber sama nafn og skógarvélin sem varð til fyrir algjöra tilviljun. „Þegar ég var að fylla út pappírana við stofnun fyrirtækisins þurfti ég að gefa upp nafn á nýja fyrirtækinu. Ég hafði ekkert velt því fyrir mér en varð lituð á gamla græna pallbílinn sem ég var á og nefndi fyrirtækið

eftir honum,“ segir Guðjón Helgi hlæjandi.

Þegar skógarhöggsvélin var pöntuð fyrir rúmu ári kom að sjálfsögðu ekki annað til greina en að hún væri græn! „Vélin er venjulega ekki til í grænu en ég fékk undanþágu og á einu grænu vélinu í heiminum,“ segir Guðjón Helgi.

Græni drekkinn á heima í Hveragerði eins og fram kemur á heimasíðu Drekans. www.drekinn.is

rh@frettabladid.is

Dyrhólaey eða skagi

Eyjan með dyrnar í hólum hefur laðað margan ferðalanginn til sín. Dyrhólaey er eitt af sérkennum Íslands. Hún er lítil og sérkennileg eyja, sem er samt ekki eyja heldur skagi skammt frá Vík í Mýrdal.

Hægt er að keyra út í Dyrhólaey og ganga út á brúnina þar sem er glæsilegt útsýni og fjölskrúðugt fuglalíf.

Dyrhólaey er hæst um 120 metrar yfir sjó og er tæplega tveir kílómetrar þar sem hún er lengst. Dyrhólaey var lengi vel syðsti oddi landsins þar til Katla bætti við sandströndinni hjá Hjörleifshöfða árið 1918. Á gömlum kortum má sjá að Dyrhólaey er nefnd Portland. Enda port annað orð yfir hlið eða op.



Dyrhólaey er skagi skammt frá Vík í Mýrdal.

Þráðlaust net á tjaldstæðinu á Flúðum

Tjaldstæðið á Flúðum býður upp á þráðlaust net fyrir gesti sína. Þróunarfélag Hrunamannahrepps tók við rekstri tjaldstæðisins og ferðamiðstöðvarinnar á Flúðum í vor og kom í gagnið þessari nýjung.

Tjaldstæðið er opið allan sólarhringinn en þjónustumiðstöðin er opin virka daga frá kl. 9.00-23.00 og til miðnættis um helgar. Netaðgangurinn er ókeypis fyrir tjaldgesti.



Á tjaldstæðinu á Flúðum er hægt að taka með sér fartölvuna og skoða næsta áfangastað á netinu.

NÝTT



Wengé



CINCA



rivoli



Victoria, City

Flísabúðin kynnr Nýtt á Íslandi! Fljótandi hljóðeinangrun. PCI Nanosilent®

- Auðvelt í notkun.
- 10mm lag er ca. 10 desibil
- Margar úrlausnir:

Á ójafna fleti jafnvel með sprungum svo og á álagsfleti.



Flísabúðin

Á ferð um Suðurland

Kynnist umhverfisvænni íslenskri orku og skoðið fjölbreyttar sýningar um menningu, list og sögu.



Líf í Þjórsárdal

Ómissandi viðkomustaður á leiðinni inn á Sprengisand og í Veiðivötn.

Sultartangastöð ofan Þjórsárdals



Kraftverk

Listaverk sem sjaldan hafa komið fyrir almenningssjónir – mörg hver með áhugaverða sögu sem tengist Landsvirkjun og orkumálum.

Kjarval, Ásgrímur, Gunnlaugur Blöndal og fleiri.

Ljósafossstöð við Sog

Þjóðveldisbærinn

Í Þjórsárdal, nálægt Búrfellsstöð, stendur Þjóðveldisbærinn sem er eftirgerð gamla bæjarins að Stöng. Hjá Þjóðveldisbænum hefur einnig verið reist miðaldakirkja sem áður stóð í bæjarhlaðinu að Stöng. Þjóðveldisbærinn er opinn frá 1. júní til um 8. september alla daga vikunnar frá kl. 10.00–12.00 og 13.00–18.00.



Kynnist okkur af eigin raun

Heimsækið Landsvirkjun í sumar.

Stöðvarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

➤ Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000



Landsvirkjun

CASIO EINFALDLEGA BETRI



Casio EXZ1200

12.1 milljón punkta upplausn
SuperLife rafhlaða endist 340 myndir
2,8" stór Widescreen skjár
Hágæða hreyfimyndataka
Anti Shake DSP



EXILIM
ZOOM

VERÐ

39.995

FRÁBÆRT VERÐ

NÝ VÉL!
VAR AÐ
LENDU



12 MILLJÓN PUNKTA UPPLAUSN - MEIRI EN ÁÐUR HEFUR SÉST



**7 MILLJÓN PUNKTA VÉL
EINFÖLD OG ÓDÝR**

Casio EXZ75
BESTSHOT, einfalt að taka myndir við öll skilyrði
Antishake DSP hristivörn
512mb Sandisk minniskort fylgir

TILBOÐ

19.995

FULLT VERÐ 29.995



**10 MILLJÓN PUNKTA
MJÖG VEL BÚIN VÉL Á BETRA VERÐI**

Casio EXZ1050
10.1 milljón punkta upplausn
Antishake DSP hristivörn
2,6" Widescreen skjár
Hágæða hreyfimyndataka
SuperLife rafhlaða sem endist 370 myndir

TILBOÐ

26.995

FULLT VERÐ 32.995



**MARGVERÐLAUNUÐ HÁGÆÐA VÉL
MEÐ ÖFLUGRI AÐDRÁTTARLINSU**

Casio EXV7
7.2 milljón punkta upplausn
7x Optical Zoom
Antishake DSP hristivörn
Innbyggð linsa
Hágæða hreyfimyndataka með stereó hljóði

TILBOÐ

36.995

FULLT VERÐ 44.995



HÁGÆÐA **CASIO** MYNDAVÉLAR



Heimilistæki

UMBODSMENN UM LAND ALLT

www.ht.is

REYKJAVÍK

SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK

GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS

EYRARVEGI 21
480 3700

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

Skrifstofuherbergi við Grensásveg

Til leigu skrifstofuherbergi,
með aðgangi að snyrtingu og eldhúsi.

Rafmagn og hiti innifalinn.

Upplýsingar í síma 824 6610

Frú

TEITUR**Bifvélavirkjar/Vélvirkjar**

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra Bifvélavirkja/
Vélvirkja / Verkstæðismenn til starfa sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma
515 2700 á skrifstofutíma.

TEITUR**Bifreiðastjórar
með hópbifreiðaréttindi**

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra
til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og
hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma
515 2700 á skrifstofutíma.

Lóð undir einbýli**Úlfarsárdalur**

Stærð lóðar: 369 fm.

Stærð húss: 280 fm á tveim
hæðum.

Verð: Tilboð óskast í
byggingarrétt.

Nánari upplýsingar í síma 866 3644

Frú

Reykjanesbær

Kranamaður. Vantar vanan kranamann frá 15. ágúst.
Upplýsingar Vígfús 840-6104

Pípulagnir. Vantar mann vanan pípulögnum sem fyrst
Upplýsingar Gulli 840-6115

Flísalagnir. Vantar vanan flísalagningamann sem fyrst.
Upplýsingar Tómas 840-6121

Gífsveggir. Vantar mann vanan uppsetningu gífsveggja.
Upplýsingar Kalín 840-6102

Vörubíll. Vantar bílstjóra á nýjan 4 öxla vörubíl.
Upplýsingar Páll 840-6100

Múrari. Vantar múrara í inni- og útivinnu.
Upplýsingar Páll 840-6100

Nesbyggð ehf.



SAMHERJI hf

**Afleysinga
yfirvélstjóri**

• Samherji hf óskar eftir
yfirvélstjóra til afleysinga
á frystitogarann Polonus.

• Polonus er gerður út
undir pólskum fána á
vegum Samherja hf.

• Möguleiki á framtíðar-
starfi fyrir réttan aðila.

• Vélastærð 4500 hestöfl

Samherji er eitt
öflugasta sjávarút-
vegsfyrirtæki landsins
með víðtæka starfsemi
viðsvegar um Evrópu.
Samherji hf hefur
á að skípa hæfu og
framtakssömu starfs-
fólki og stjórnendum,
öflugum skipaflota,
miklum aflaheimild-
um og fullkomnum
verksmiðjum í landi.

Upplýsingar um
starfið gefur
Jóhannes
Þorvarðarson
660-9147,
joivarda@simnet.is

**Jón Hersir Elíasson
taugalæknir**

hefur opnað læknastofu í Lífsteini,
Álftamýri 1-5, 108 Reykjavík.



Sérsvið: Mígreni/Höfuðverkjasjúkdómar

Tímamantanir í síma 530 8300

**GULL
BYLGJAN**
- PESSI GÖMLU GÓÐU!**ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI**

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðinni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.

**EIGNIR ÓSKAST!**

Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:

- 2ja herbergja í hverfi
101, 105, 107 og 220
- 3ja herbergja í hverfi
105, 107, 109, 200 og 220

LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MED ÞÉR ALLA LEIÐ!

LÖGHEIMILI
EIGNAMIDLUN



Heimir Bergmann
Framkvæmdastjóri
Símanúmer 512 2600
GSM: 822 3600
heimir@logheimili.is



Jónas Örn Jónsson
Löggtur fasteignasali
Símanúmer
GSM: 698 3600
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

Kurteist og þjónustulundað starfsfólk óskast
til að taka á móti áskriftarpöntunum í síma
frá 20. júlí til 20. ágúst.

Dag-, kvöld- og helgarvinna í boði fyrir rétta fólk.íð.

Tekið er á móti umsóknum með upplýsingum
um nafn, síma og fyrri störf í netfanginu
starfsumsokn@365.is

Fjölvarp SÝN SÝN2

365**AUKAVINNA FRÁ
20. JÚLÍ - 20. ÁGÚST**

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 8.702 +1,82%	Fjöldi viðskipta: 608 Velta: 12.375 milljónir
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
↑ EXISTA +4,78%	↓ ÖSSUR -2,27%
↑ ICELANDAIR +3,67%	↓ EIMSKIPAFÉLAGIÐ -0,63%
↑ KAUPÞING +2,69%	↓ ACTAVIS -0,11%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 88,90 -0,11% ... Atorka 9,00 +0,00% ... Bakkavör 70,70 +1,00% ... Eimskipafélagið 39,55 -0,63% ... Exista 38,35 +4,78% ... FL Group 30,10 +0,67% ... Glitnir 28,95 +0,52% ... Icelandair Group 31,10 +3,67% ... Kaupþing 1.220 +2,69% ... Landsbankinn 39,70 +2,06% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 22,85 +1,78% ... Teymi 5,39 +2,08% ... Össur 107,50 -2,27%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

Olíuverð nálægt sögulegu hámarki

Heimsmarkaðsverð á hráolíu sveiflaðist nokkuð á helstu fjármálamörkuðum í gær. Verðið rauk upp í 76 dali á tunnu á föstudag eftir að mannræningjar námu þriggja ára gamla stúlku á brott. Móðir stúlkunnar er frá Nígíeríu en faðirinn breskur og starfar í olíuáætti.

Verðið hefur ekki verið hærra síðan Ísraelsher réðst inn í Líbanon í júlí í fyrra en þá fór verðið í sögulegar hæðir, 78,65 dali á tunnu.

Stúlkunná var sleppt úr haldi á sunnudagskvöld og lækkaði verðið á svartagullinu í kjölfarið. Verðið á Brent Norðursjárólíu, sem er lykilvísir á olíumarkaði, fór í 75,68 dali á tunnu um miðjan dag í gær.

Greinendur segja eftirspurn eftir eldsneyti hafa aukist mikið í sumar, ekki síst í Bandaríkjunum. Blásið hafi í olíuvinnslu í Banda-



OLÍUVINNSLUSTÖÐ Greinendur spá því að verð á hráolíutunnu muni haldast hátt fram eftir sumri. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

ríkjunum vegna þessa en gera þurfi betur. Fréttastofa Reuters hefur eftir greinendum að Samtök olíuútflutningsríkja (OPEC) þrjúskist til að auka framleiðslukvóta. Slíkt sé nauðsynlegt enda geti verðið hækkað áfram þegar nær dregur fellibyljatímabilinu í Bandaríkjunum auk þess sem talsverð eftirspurn eftir eldsneyti muni haldast yfir sumartímann. - jab

Kátt í kauphöllinni

Miklar hækkanir hafa orðið á hlutabréfamarkaði undanfarna daga. Afskráning Actavis, hagfelld lánskjör í erlendri mynt og hagstæðar afkomuspár eru líklegar skýringar að mati sérfræðinga.

Úrvalsvísitalan hækkaði um 1,82 prósent í gær og stendur í 8.702 stigum sem er hæsta gildi hennar frá upphafi. Bréf í Exista hækkuðu mest, um 4,78 prósent. Icelandair hækkaði um 3,67 prósent og Kaupþing um 2,69 prósent.

Alls hækkuðu bréf nú af fjórtán félögum í úrvalsvísitölunni, en einungis þrjú félög lækkuðu. Bréf í Össuri lækkuðu mest, um 2,27 prósent.

Úrvalsvísitalan hefur hækkað um tæp þrjátíu og sex prósent frá áramótum. Greiningardeild Glitnis hefur spáð fjörtíu og fimm prósent hækkan á árinu, samanbúið við 15,8 prósent hækkan í fyrra.

Jónas Friðbjólfsson, sérfræðingur greiningar Glitnis, segir bjart yfir markaðnum. Spár bankanna hafi allar gert ráð fyrir hækkanum auk þess sem von sé á góðum uppgjörum frá þungavigtarfélögum. „Útlitið er mjög bjart og aðstæður góðar. Síðan bættist við að Actavis er á leiðinni út af markaði. Þar losnar um mikið af peningum og hluti þeirra fer væntanlega á innlendan hlutabréfamarkað.“

Jónas telur líklegt að af-

komuspár bankanna hafi haft sitt að segja um hækkanir undanfarna daga. „Ef maður mætir á svæðið og segir tólf prósent hækkan fram undan næstu sex mánuði er eðlilegt að einhverjir fjárfestar hlaupi til. Í kjölfarið fylgir síðan hækkanarraykkur og það er einmitt það sem við erum að sjá.“

Greiningardeild Kaupþings hefur spáð því að úrvalsvísitalan endi í 9.000 til 9.500 stigum í árslok. Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur greiningardeildar, segir hækkanir undanfarna daga hugsanlega skýrast af þremur meginþáttum. „Í fyrsta lagi finnst mér líklegt að við sjáum áhrif

afskráningar Actavis. Auk þess eru menn líklega að nýta sér áframhald á hagstæðri fjármögnun í erlendum myntum eftir stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans. Loks hafa bankarnir birt hagstæðar afkomuspár undanfarna daga sem gætu leitt til hreyfinga á markaði.“

Haraldur Yngvi segist ekki endilega sjá neinar lækkanir í spilunum en útilokar þó ekki að smávægileg leiðrétting eigi sér stað. „Markaðurinn hefur náttúrulega hækkað mikið á skömmum tíma. Það er ekkert óalgennt að slíkum hækkanum fylgi einhverjar lækkanir.“

jsk@frettabladid.is



GLATT Á HJALLA Úrvalsvísitalan hækkaði um 1,82 prósent í gær og hefur hækkað um tæplega 36 prósent frá áramótum. Ekki er endilega leiðrétting í spilunum að mati sérfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

FRÍ LANDSLAGSRÁÐGJÖF

hjá **MEST** dagana 11-12. júlí í Norðlingaholti og 13. júlí á Selfossi. Hafðu samband og pantaðu tíma.



– allt til bygginga

MEST er sönn ánægja að bjóða þér að þiggja fría landslagsráðgjöf dagana 11-12. júlí á Norðlingabraut 12, Reykjavík og 13. júlí í Hrísmýri 5, Selfossi, frá kl. 9-18.

Nýttu tækifærið og skapaðu draumagarðinn þinn.

Garðhönnuðurinn Stanislas Bohic tekur vel á móti þér og aðstoðar þig við hönnun garðsins þíns.

Mest hefur að bjóða úrval af hellum, einingum, pallaefnum, gránítlísum og garðvörum á verði sem mun koma þér á óvart. Kynntu þér endilega úrvalið þegar þú hittir garðhönnuðinn eða á heimasíðu okkar www.mest.is.

Vinsamlegast skráðu þig í landslagsráðgjöfina í síma 4 400 400 eða sendu tölvupóst á mest@mest.is.

Sjáumst, starfsfólk MEST

Nauðsynleg gögn fyrir landslagsráðgjöf:

- Grunnmynd í kvarðanum 1:100 frá byggingafulltrúa
- Útlitstekningar af húsinu í kvarðanum 1:100
- Afstöðumynd í kvarðanum 1:500
- Ljósmynd af húsi og lóð

Í framhaldinu færð þú tilboð frá söluráðgjafa MEST.



FÖLKIÐ EKKI TALAN

Blaða-maður KK • starfsmaður blaðs, sá sem hefur atvinnu af að skrifa í blöð - *Íslensk orðabók*

„Ég heiti Sigríður Dögg Auðunsdóttir.

Mér finnst skipta máli að vinna á fjölmiðli sem þorir að sigla á móti straumnum og taka á mál-efnum sem samfélaginu er nauðsynlegt að fjallað sé um. DV er fjölmiðill sem veitir nauðsynlegt aðhald. **Ég tala þínu máli.**”



Talar þínu máli

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE

ÚR HREYSI Í HÖLL

**EXTREME MAKEOVER:
HOME EDITION
Í KVÖLD KL. 20:05**



skemmtilegri

STUÐ MILLI STRÍÐA Tímaleysi nútímamannsins

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VILDI ÓSKA ÞESS AÐ HANN BYGGI Í TORFKOFA



Nútímanum og nútíðinni fleygir svo hratt fram að það sem var fyrir fimm sekúndum er þátið. Öll skilaboð berast rafrænt eða gegnum tölvusnúður og kapla og tölvupóstsamskipti hafa gert það að verkum að við fáum fréttir af vinum, ættingjum og ókunnugum á örskotsstundu. Allt er háð tímamörkum og ef eitthvað fer úrskeiðis í áætlunum okkar getur brugðið til beggja vana. Tölvupóstar geta verið svo mikilvægir að ef þeir eru ekki opnaðir strax þá geta þeir hreinlega eyðst eða týnst í öllum

hinum mikilvægu tölvupóstunum. „Þarf að fá svar strax“ og „Getur þú gert þetta núna?“ eru setningar sem hafa rutt sér til rúms í nútíðinni. Jafnvel er látið smella í fingrum til að leggja áherslu á mikilvægið. Ekkert má bíða betri tíma eða til morguns, allir verða að grípa gæsina á meðan hún gefst. Annars verður einhver fyrri til. Og svo er hlauðið af stað. Gervihnattaöldin sem Icy-tríóið söng um árið 1985 á svo sannarlega við í dag. Og þau lönd sem ekki eru tengd við tímaásinn verða útundan, þurfa að bíða á varamannabekknunum eftir því að nútíminn hertaki allt. Geri alla meðvitaða um hvað tímanum líður.

Forn-Grikkir hefðu vafalítið

ekki slegið hendinni á móti því ef Philippides hefði bara getað sent yfirstjórninni í Aþenu tölvupóst og tilkynnt að herir Þjóðarinnar hefðu gjörsgrað Persa. Þá neyddumst við ekki til að horfa á yfir fjögurra tíma hlaup á Ólympíuleikunum þar sem grindhóradir karlmenn reyndu að pína sig í gegnum þessa illræmdu 42 kílómetra. Og auðkýfingar Íslands væru væntanlega ekki á hlaupum úti um allar trissur í spandex-göllum og Nike-skóm. En sem betur fer hefur tímabréjalæði nútímamannsins eyðilagt allar slíkar sögur og í dag senda hermenn bara skilaboð heim á Nokia-símanum sínum. „Sprengdum upp þorp í dag – er ekki allt annars gott að fréttá?“

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



TIGER

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri



Verum brún og sælleg!

200 ml af sólvörn með verndarstuðli 6, 8 og 15, aftersun-krem og aloe vera-krem. Veldu þér sólvörn og sólarvörur í Tiger og þú ert í góðum málum – hver túba kostar aðeins 400 krónur. Mundu líka að í sólarlöndum er best að vera í skugga um miðjan daginn. Hafðu það gott í sumar!



Hárburstar!

12 cm langir hárburstar úr plasti í mörgum litum. 200 krónur stykkið.



Svört eða blá?

Snyrtibudda sem rúmar allt það nauðsynlegasta og dálítið af hinu líka. 400 krónur.



Nettar túbur í ferðalagið

Hver túba inniheldur 75 ml og þú getur valið um sjampó, sturtugel eða bodylotion á 200 krónur túbuna.



Sandalar með perlum og steinum

Utan á, ekki innan í – það væri verra. Sandalarnir fást líka í svörtu í stærðunum 37-39 og þeir kosta 800 krónur.



Gullskór

Gylltir ilskór (fást líka silfraðir og grænir) í stærðunum 37-40. Þeir kosta 400 krónur.



Blómlegir fætur

Þessir blómskreyttu skór fást í stærðunum 36-41 og kosta 400 krónur.



Sól, sól, skín á mig ...

... en hatturinn hlífir. Stráhattur með borða og blómum fyrir sólskinsbörn. 200 krónur.



Lestu blöðin þótt sólin skíni

Lestrarsólgleraugu eru frábær fyrir alla sem þurfa að nota gleraugu og vilja geta lesið á sólríkum dögum. Þau fást eins og önnur lestrargleraugu í styrkleikanum +1 til +3 í Tiger og kosta 400 krónur.



Budda fyrir 400 krónur

Auðvitað geturðu geymt hvaða upphæð sem er í buddunni en hún kostar semsagt 400 krónur og þú getur valið um svarta, rauða eða túrkisbláa.

TIGER

Villidýr í verði



Mr. Skallagrímsson

Sýningar í júlí

13. kl. 20 Uppselt,
14. kl. 15 Uppselt,
14. kl. 20 Uppselt

Sýningar í ágúst

lau 11. kl. 20 Uppselt,
su. 12. kl. 15 aukasýning,
lau. 18. kl. 20,
su. 19. kl. 15 aukasýning,
lau. 25. kl. 20,
su. 26. kl. 20,
fi. 30. kl. 20,
fö. 31. kl. 20 Uppselt

September

lau 8. kl. 20,
su. 9. kl. 20,
fö 14. kl. 20,
lau 15. kl. 20,
lau 22. kl. 20,
su 23. kl. 20,
fö 28. kl. 20,
lau 29. kl. 20



LANDNÁMSSETUR
ÍSLANDS



EINHVER AF ÞEIM DEYR Aðdáendur galdratráksins hafa biðlað til Rowling að drepa ekki Potter eða í það minnsta vekja hann upp frá dauðum ef hann deyr. Í það minnsta ekki hætta að skrifa um ævintýri hans í Hogwarts.

Björgum Harry Potter

Í vikunni verður fimmta kvikmyndin um galdratrákinn Harry Potter frumsýnd. Aðdáendur bókanna biða hins vegar margir hverjir spennitari eftir sjöundu bókinni og vona heitt og innilega að Potter haldi lífi.

Vefsíða Waterstone-netbókaverslunarinnar hefur sett af stað undirskriftalista og biðlar þar til J.K. Rowling um að gefa galdraunglingnum grið. „Fyrst Bobby Ewing, Superman og Sherlock Holmes gátu allir risið upp frá dauðum þá

getur hinn voldugi Potter gert slíkt hið sama. Það er að segja ef hann deyr,“ stendur á heimasíðu Waterstone. „Við viljum því með þessum undirskriftalista skora á Rowling að halda áfram að skrifa um ævintýri hans innan Hogwarts.“

Rowling hefur þegar lýst því yfir að hún hafi fellt tár við skriftir á sjöttu bókinni sem hefur verið gefið nafnið Harry Potter and the Deathly Hollows og gefið í skyn að annaðhvort Hermione, Ron eða Harry láti lífið. Samkvæmt vefsíðunni verða undirskriftirnar afhentar Bloomsbury-útgáfunni þegar einni milljón þátttakenda hefur verið náð. Daniel Radcliffe, sem leikur galdratrákinn, hefur lýst því yfir að hann búist við því að hann eigi eftir að

deyja. Og að hann verði jafnvel hálf-svekkur ef sú verður ekki raunin. Má þá reikna með að ófá tár renni niður kinnar ungra sem aldinna þegar slíkt verður fært upp á hvíta tjaldið að hætti kvikmyndanna.

En á meðan Potter-aðdáendur biða upp á von og óvon eftir sjöundu bókinni hafa þeir huggað sig við Harry Potter og Fönixregluna en hún hefur slegið í gegn hvarvetna. Myndin var nýlega frumsýnd í London að viðstöddum aðalleikurunum og fékk afbragðsgóða dóma en þar glímur Potter við sjálfan Voldemort sem snýr aftur. Myndin verður frumsýnd á miðvikudaginn hér á landi og má reikna með löngum biðröðum fyrir framan kvikmyndahús borgarinnar.

Britney breytir erfðaskrá sinni

Britney Spears hefur látið breyta erfðaskrá sinni til að tryggja að móðir hennar, Lynne, fái ekki forræði yfir tveimur sonum Britneyjar og Kevins Federline, Sean Preston og Jayden James. Yngri systir Britneyjar, Jamie Lynne, mun í staðinn erfa eignir söngkonunnar og fá forræði yfir sonum hennar þegar söngkonan fellur frá, að því er National Enquirer greinir frá. Látist Britney áður en Jamie Lynne verður sjálfráða fellur forræðið í skaut frænku hennar, Alli Sims, þangað til að Jamie nær 21 árs aldri.

Upp úr slitnaði á milli mæðgnanna á dögnum þegar Britney sakaði móður sína um að hafa neytt sig til að leggjast inn á meðferðarheimilið Promises. Lynne hefur verið vongóð um að deilan leysist fljótt og vel, en svo virðist ekki ætla að vera.



MAMMA FÆR BÖRNIN ALDREI Britney hefur látið breyta erfðaskrá sinni til að koma í veg fyrir að móðir hennar, Lynne, fái forræði yfir sonum hennar og Kevins Federline.



Hátíska í regnvotri París

Hátískuvikunni í París er nýlökð og meðal þeirra sem sýndu var að sjálfsgöðu Karl Lagerfeld fyrir Chanel. Hann kallaði línuna High Profile og lagði áherslu á að flíkurnar væru sem glæsilegastar séðar á hlið. „Allt er flatt að framan, það snýst allt um prófílinn.“



ÆVINTÝRALEGT Lagerfeld leiðir hér einstaka prinsessu sem virðist hafa stigið út úr gömlu ævintýri.

Línan þótti ólík fyrri línunum Karls Lagerfeld fyrir tískuhúsið og hann kynnti nýja sýn á hina klassísku Chanel-dragt. Sýningin fór fram utandyra í Saint Cloud-garðinum í París og rigndi niður á hátískuflíkurnar. Það dró þó ekki úr áhrifum hönnunarinnar og grá-móskulegt veðrið fór vel með öllum glæsileikanum.

Darna mátti meðal annars sjá fjaðrir, pífur og útsaum og litirnir voru dempaðir. Grátt, ljós-fjólublátt, fölbléikt, ljósblátt og grænt í bland við svart og hvítt. Sumar fyrir-sæturnar báru ný-tískulega útgáfu af gömlu lambhúshettunni en leðurbuxur og leðurgrifflur voru gott mótvægi við allar rómantísku og fallegu flíkurnar.

hilda@frettabladid.is



RIDDARI Lambhúshetturnar minna örlítið á forneskju-leg riddaraklæði í nýtískustíl.

DEMPAÐIR LITIR Fallegur jakki og kjóll en töfvaralegar leðurgrifflur við.



SÝNINGIN Heildaryfirbragð sýningarinnar var glæsilegt og litirnir dempaðir. NORDICPHOTOS/AFP



FALLEGT Dásamleg litasamsetning og prófíll kjólsins er vel heppnaður.



GALA Eflaust á einhver Hollywood-stjarna eftir að klæðast þessum á rauða dreglinum.

LAMBHÚSHETTA Fallegar lambhúshettur settu skemmtilegan og öðruvísi stíl á heildaryfirbragðið.

NISSAN ★★★★★
QASHQAI

NÝR SJÁLFSKIPTUR JEPPLINGUR MEÐ DÍSLVÉL

Verð frá aðeins 3.190.000 kr.



ALDREI ÁÐUR!

Nissan Qashqai fékk fimm stjörnur og fleiri stig en nokkur annar bill hefur áður hlotið í prófunum Euro Ncap þau tíu ár sem stofnunin hefur starfað*.

*Heimild, fréttavefur Félags íslenskra bifreiðaeigenda FIB.

Nissan Qashqai - ein bestu bílakaupin í dag!

KOMDU OG REYNSLUAKTU!



NÝTT Í BÍÓ!

FRÁ LEIKSTJÓRA **BRUCE ALMIGHTY**

Steve **CARELL** Morgan **FREEMAN**

Evan ALMIGHTY

STÆRSTA GRÍNMYND SUMARSINS

Evan hjálpi okkur!

DIE HARD 4.0

YIPPEE KI YAY

LUXUS

LOOKOUT

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000	REGNBÖGINN Sími 551 9000
EVAN ALMIGHTY kl. 4 - 6 - 8 - 10	THE LOOKOUT kl. 5.50 - 8 - 10.10
DIE HARD 4.0 kl. 5 - 8 - 10.45	DIE HARD 4.0 kl. 5.30 - 8 - 10.40
DIE HARD 4.0 LUXUS kl. 5 - 8 - 10.45	PREMONITION kl. 5.45 - 8 - 10.15
FANTASTIC FOUR 2 kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	FANTASTIC FOUR 2 kl. 6 - 8.20 - 10.30
HOSTEL 2 kl. 8 - 10.10	
SPIDERMAN 3 kl. 5	
	450 kr. í bíói!
HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919	ALFABAKKA Sími 462 3500
EVAN ALMIGHTY kl. 6 - 8 - 10	EVAN ALMIGHTY kl. 6 - 8 - 10
DIE HARD 4.0 kl. 5.15 - 8 - 10.45	DIE HARD 4.0 kl. 8 - 10.20
PREMONITION kl. 5.45 - 8 - 10	PREMONITION kl. 6
FANTASTIC FOUR 2 kl. 6 - 8 - 10	

MIDASALA á midi.is BÍÓ,IS

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 midi.is

Evan hjálpi okkur

SHREK 3, Fíona, Stígveði kötturinn og Asninn eru mætt aftur í skemmtilegasta ævintýri allra tíma

OCEAN'S THIRTEEN

BLIND DATING

ÁLFABAKKA

EVANT ALMIGHTY kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	SHREK 3 enskt TAL kl. 4 - 6 - 8 - 10:10
EVANT ALMIGHTY VIP kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	SHREK 3 ísl. TAL kl. 4 - 6
BLIND DATING kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	PIRATES 3 kl. 5:30
OCEAN'S 13 kl. 8 - 10:30	ZODIAC síðasta sinn kl. 9

KRINGLUNNI

SHREK 3 M- ISL TAL DIGITAL kl. 6:15	SHREK 3 M- ISL TAL kl. 6
SHREK 3 M- Enska TAL DIGITAL kl. 8:15 - 10:20	SHREK 3 M- Enska TAL kl. 6 - 8
CODE NAME CLEANER kl. 6 - 8	BLIND DATING kl. 8
OCEAN'S 13 kl. 10:10	
PIRATES 3 DIGITAL kl. 5:30 - 8:40	

AKUREYRI

SHREK 3 M- ISL TAL kl. 6	SHREK 3 M- Enska TAL kl. 6 - 8
SHREK 3 M- Enska TAL kl. 6 - 8	BLIND DATING kl. 8

KEFLAVÍK

EVAN ALMIGHTY kl. 8 - 10	DIE HARD 4 kl. 10
SHREK 3 kl. 8	SHREK 3 kl. 8

VIP SALURINN ER BARA LUXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBIOUNUM ALFABAKKA

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ

EVAN ALMIGHTY kl. 4, 6, 8 og 10

DIE HARD 4.0 kl. 7.30 og 10-POWER

SHREK 3 enskt tal kl. 4, 6 og 10

SHREK 3 íslenskt tal kl. 4, 5.45 og 8

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

Ferskleiki í Astrópiu

Geisladiskurinn með lögnum úr myndinni Astrópiu er allur að smella saman og ljóst er að þar verður á ferðinni einvalalið úr röðum ungra og efnilegra tónlistarmanna. Þarna eru til dæmis tónlistarmenn og hljómsveitir eins og FM Belfast, Sprengjuhöllin, Motion Boys, Ultra Mega Technobandið Stefán, Lay Low, Wulfgang, Kaja og fleiri.

„Við óskuðum eftir lögum í Fréttablaðinu og fengum um það bil hundrað lög send. Við höfum svo verið að fara í gegnum þann banka og velja úr en einnig sóttumst við eftir lögum sumra hljómsveitanna,“ segir Júlíus Kemp, einn framleiðenda myndarinnar.

Auk hinna fersku og ungu flytjenda munu nokkrir gamlir og góðir vera með lög í myndinni. Þar má nefna Birgittu Haukdal, Stefán Hilmarsson, Helga Björns, Sverri Bergmann og fleiri. „Auk laganna verður líka alvöru kvikmyndatónlist í myndinni sem Þorvaldur Bjarni gerir. Við fengum Sinfóníuhljóm-sveit Búlgaríu til að spila skorið svo þetta lofar allt mjög góðu.“ Geisladiskurinn með lögnum úr myndinni kemur í búðir 22. júlí en myndin verður svo frumsýnd mánuði síðar.



ULTRA MEGA TECHNOBANDIÐ STEFÁN Hljómsveitin er ein hinna ungu og fersku sem verða með lög í myndinni Astrópiu.



LÁRA RÚNARSDÓTTIR Með kokkteilbandinu er hún í fyrsta sinn að syngja eitthvað annað en eigin lög.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Kokkteilkvartett í góðu grúví

Lára Rúnarsdóttir syngur í nýju „kokkteilbandi“ sem ber heitið Kvartett Jakobs Smára Magnússonar. Vignir Guðjónsson fékk að vita meira um málið.

gott grúv,“ segir Lára en æfingar hjá sveitinni hafa staðið yfir síðustu vikur.

Kvartettinn er hugarfóstur bassaleikarans Jakobs Smára Magnússonar og því fær hans nafn að njóta sín í titli kvartettsins. „Hann er forsprakkinn og hugmyndasmiður á bak við þetta allt saman. Hann sér um að velja lög og heldur þessu saman. Algjör snillingur,“ segir Lára.

Auk þeirra tveggja spilar Pétur Hallgrímsson á gítar og Arnar Gíslason, unnusti Láru, lemur

húðir. Söngkonan segir samstarfið með kærastanum ganga mjög vel. „Þetta gengur mjög vel hjá okkur og enginn ágreiningur hefur komið upp. Ég held að það fari bara vel saman að vera með kærastanum í hljómsveit,“ segir Lára og hlær.

Enn sem komið er hefur kvartettinn ekki komið fram opinberlega en fram undan er spilamennska í mannfögnuðum af ýmsu tagi. „Við erum að leggja lokahönd á prógramið og förum þá af stað fyrir alvöru,“ segir Lára.

Vinna myndir og tóna

Slefberi nefnist einn af hinum skapandi sumarhópum Hins Hússins. Hópin skipa þau Logi Leó Gunnarsson, Birna Björnsdóttir og Helena Aðalsteinsdóttir. „Við erum með ljósmynda- og tónlistarverkefni og í hverri viku vinnum við með sérstakt þema. Út frá þemanu vinnum við svo tónlist og ljósmyndir,“ segir Logi Leó Gunnarsson. Í þessari viku vinnur hópurinn með þemað andstæður en áður hefur hann unnið með þemu eins

og staði, nærmynd, dýr og liti.

Aðspurður hvers vegna þau völdu nafnið Slefberi segir Logi Leó: „Þetta var bara orð sem kom upp þegar við leituðum að nafni en þetta þýðir víst slúðurberi og er gamalt orð yfir það.“

Krakkarnir verða með sýningu á Föstudagsfiðrildi Hins Hússins næstkomandi föstudag og upplýsingar um stað og tíma má finna á vefsíðunum www.hitthusid.is og www.myspace.com/slefberi. - bor



SLEFBERI Tríoíð er hluti af Skapandi sumarstarfi Hins Hússins og vinur ljósmyndir og tónlist út frá ýmsum þemum í sumar.

2 fyrir 1 í bíó

Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri mánudaga til fimmtudaga ef þeir greiða með nýja Námukortinu í gallabuxnaútlitinu.

Tilboðið gildir hvorki í lúxus- sal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

Vonlaus endurkoma

Þessi endurkomuplata Manchester-sveitarinnar Happy Mondays er hennar fyrsta plata með nýju efni síðan Yes Please kom út fyrir 15 árum. Sveitin hefur verið að byrja og hætta af og til síðan hún hætti fyrst árið 1993. Í dag eru söngvarinn og textasmiðurinn Shaun Ryder, dansarinn Bez og trommuleikarinn Gaz Whelan þeir einu sem voru í hljómsveitinni þegar hún var upp á sitt besta.

Bassaleikarinn Paul Ryder og hljómborðsleikarinn Paul Davis sem margir vilja meina að hafi verið mennirnir á bak við tónlist Happy Mondays á sínum tíma eru báðir víðs fjarri. Shaun, sem er þekktur sem eitt vonlausasta eiturlyfjafórnlamb roksögunnar, er samkvæmt fréttatilkyningnum nú endurhæfur og edrú og til í slaginn.

Þegar Happy Mondays voru upp á sitt besta á plötunum Bummed og Pills & Thrills & Bellyaches þá spiluðu þeir skemmtilega grúví og skítuga blöndu af rokki og danstónlist. Á nýju plötunni reyna þeir að endurtaka fyrri afrek, en með litlum árangri. Það vantar kraftinn, flæðið og grúvíð í þessi nýju lög og klunnalegur ljótleikinn (sem var alltaf hluti af sjarma sveitarinnar) er einn eftir. Það



TÓNLIST

Uncle Dysfunktional

Happy Mondays



Á Uncle Dysfunktional er Manchester-sveitin Happy Mondays langt frá sínu besta. Vond lög og stírbúsalegar útsetningar.

eru engin Kinky Afro, Step On eða Wrote For Luck hér. Það má að vísu enn brosa að textunum á stöku stað, en það er langt frá því að vera nóg. Ein versta plata sem ég hef heyrt lengi.

Trausti Júlíusson

LEIKARAR FRAMTÍÐARINNAR Sara Marti Guðmundsdóttir

Grét úr leiðindum við bókbandið

Níu leikarar útskrifuðust frá Lista-háskóla Íslands fyrir skemmstu og er ábyggilega ekki langt að biða þar til andlit þeirra verða Íslendingum að góðu kunn. Á næstu dögum munu þessir nýjustu leikarar landsins sitja fyrir svörum hjá Fréttablaðinu, hver í sínu lagi. Í dag er það Sara Marti Guðmundsdóttir sem situr fyrir svörum.

Aldur: 28 ára.

Draumahlutverkið? Kvenhetja í Hollywood-hasarmynd.

Hvíta tjaldið eða leiksviðið? Hvíta tjaldið. Kvikmyndagerðin heillar.

Hverjum er það að kenna að þú fórst í leiklist? Foreldrum mínum.

Besta æskuminningin? Að dansa inni í eldhúsi með mómmu minni.

Þú sérð gamla konu missa 5.000 kall, hvað gerir þú? Ég freistast í tíu sekúndur og svo kemur engillinn og segir skammastu þín. Og svo læt ég hana hafa peninginn.

Hvar er best að vera? Í fangi mannsins míns.

Myndir þú koma nakin fram? Nei, ég útiloka ekki að verða forseti einhvern tímann.

Þú ert orðin of sein á frumsýningu.



SARA MARTI GUÐMUNDSDÓTTIR Kysir Pajero-jeppann sinn sem hún fékk á 100 þúsund með reglulegu millibili.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Það er rautt ljós en enga löggú að sjá. Hvað gerirðu? Ég læt biða eftir mér. Leikarar eru alltaf seinir því það þykir bara nokkuð kúl.

Hvers getur þú síst verið án? Sojalattes.

Hefur þú neytt fíkniefna? Nei. Hefur þú kysst einhvern af sama kyni? Já.

Versta starf sem þú hefur unnið? Á bókbandinu í Odda. Ég grét hástöfum úr leiðindum.

Hvernig bíl áttu? Pajero 98. Fékk hann á 100 þúsund kall.

Ef þú værir ein í heiminum, hvað

myndirðu gera? Ég bý til sudoku-þraut fyrir sjálfa mig.

Hað þarf mörg hrisgrjón til að mynda hrúgu? Ég segi 30.

Hvar pantar þú pitsuna þína? Á Horninu.

Hvar er besta vídeóleigan? Á Klapparstíg.

Þjóðleikhúsið eða Borgarleikhúsið? Þjóðleikhúsið, ég er að fara þangað.

Hvernig týpa ertu? Ég er mjög anal, umburðarlynd og hlæ hæst að mínum eigin bröndurum. Ég er líka stöðugt að efast um mitt eigið ágæti.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýjasta parið í stjörnuheiminum eru leikarinn **Josh Hartnett** og danska ofurfyrirsætan **Helena Christensen**. Talsmenn þeirra beggja neita að sjálfsgöðu orðrómunum. Sagan segir að Helena Christensen hafi ætlað sér að koma Hartnett og vinkonu sinni, **Rosario Dawson**, saman. „Áður en Helena náði að koma þeim saman lét Josh hana vita það að hann hefði mestan áhuga á að hitta hana sjálfa,” sagði í blaðinu National Enquirer. „Nú hefur Helena lofað Rosario að finna einhvern jafngóðan handa henni svo þau geti farið á tvöfalt stefnumót.“ Christensen virðist vera ágætlega virk í ástálmálunum því hún hætti nýlega með **Jack Huston**, frænda **Anjelicu Huston**, til þess að geta hitt **Guy Berryman**, bassaleikara Coldplay.



Eva Longoria og körfuboltakærastrinn hennar, **Tony Parker**, giftu sig um helgina á hinum vinsæla degi 07.07'07. Eva gat ekki alveg ákveðið hvernig kjól hún ætti að velja sér enda hefur hún sennilega efni á þeim öllum.

Að lokum komst hún að þeirri niðurstöðu að vera í Chanel-hátískukjól í giftingunni sjálfri en í sjöttíu og fimm þúsund dala Veru Wangkjól í veislunni. Viðstaddir athöfnina voru einungis nánasta fjölskylda þarsins og vinir.

Paris Hilton er farin að sækja kennslu í leiklist hjá einkakennaranum **Ivana Chubbuck**. Hvort kennslan er strax farin að skila árangri skal látið ósagt, en leikstjórinn **Brett Ratner** hefur lýst því yfir að hann hafi mikinn áhuga á að vinna með Paris í næstu verkefnum sínum. Ratner leikstýrði meðal annars myndinni Rush Hour, en einu verkefni sem hann er með í smíðum að svo stöddu eru annars vegar glæpamynd með **Chris Rock** og **Eddie Murphy** og hins vegar mynd um ævi og störf Playboy-kóngsins **Hugh Hefner**, að því er TMZ.com greinir frá. Gárungarir þar á bæ eiga því ekki erfitt með að álykta að Paris eigi frekar eftir að bregða fyrir í þeirri seinni.



Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*

Bill á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið

Með bilinn handa þér

Hyundai hefur gæðin

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

> Hildur fer ekki út

Það verður ekkert úr því að körfuknattleikskonan Hildur Sigurðardóttir fari út í atvinnumennsku og mun þessi snjalli bakvörður því spila áfram í Iceland Express deildinni næsta vetur. Hildur hefur leikið með Grindavík síðustu tvö tímabil en er ekki búin að gera upp við sig hvort hún spili áfram suður með sjó eða spili með liði á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hún býr. Hildur var með 13 stig, 10,1 frákast og 4,6 stoðsendingar að meðaltali í leik í fyrra og var valin í lið mótsins.

sport
sport@frettabladid.is

**DÓRA STEFÁNSDÓTTIR: SKORAÐI EITT AF MÖRKUM ÁRSINS Í SÆNSKA KVENNABOLTANUM****Þetta var ekkert stelpumark**

Landsliðskonan Dóra Stefánsdóttir skoraði eitt af mörkum ársins í sænska kvennaboltanum þegar hún innsiglaði 4-0 sigur Ldb Malmö á Hammarby í fyrradag. Á heimasíðu Malmö segir að annað eins mark hafi ekki sést á IP-leikvanginum frá því 1994, þegar gamla kemp-an Malin Lundgren skoraði fyrir karlalíð félagsins í ónefndum leik. „Þetta var sannkallað draumamark, líklega það besta sem ég hef skorað á mínum ferli,“ sagði Dóra við Fréttablaðið í gær. Markið skoraði hún af rúmlega 20 færi en eftir þunga sókn Malmö barst boltinn út fyrir teig þar sem landsliðskonan kom aðvifandi og lét vaða á markið. „Ég hef sjaldan hitt boltann eins vel. Þetta var þrumuskot með ristinni og boltinn endaði í samskeytunum. Þetta var ekkert stelpumark,“ sagði Dóra hlæjandi en viðurkenndi þó að um algjöra heppni hefði verið að ræða. „Ég mun líklega ekki skora annað svona mark í bráð.“

Með sigrinum náði Malmö að færast nær topp-liði Umea og er nú með 32 stig í þriðja sæti. Djurgar-

den er stigi ofar í öðru sæti en Umea er á toppnum með 36 stig. „Það munar ekki svo miklu og við erum ennþá í bullandi séns. Það er líka alltaf skemmtilegra að spila þegar spennan er til staðar,“ segir Dóra en Malmö hefur komið nokkuð á óvart það sem af er leiktið eftir að hafa verið spáð 5. sæti fyrir tímabilið. Dóra og félagi hennar úr íslenska landsliðinu, Ásthildur Helgadóttir, hafa átt stóran þátt í velgengni liðsins í ár en þurfa að berjast við nánast eintómar landsliðskonur um sæti í liðinu. „Það er mikil samkeppni en það gerir liðið bara betra.“



CARLOS TEVEZ Kominn með annan fótinn til Man. Utd.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sir Alex Ferguson:

United er að landa Tevez

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, greindi frá því í gær að United væri við það að landa Argentínumanninum Carlos Tevez sem hefur þegar gengið frá launasamningi við ensku meistaran.

„Við erum að tala saman en viljum vera vissir um að allt sé í lagi,“ sagði Ferguson en West Ham var sektað um fimm milljónir punda vegna þess hvernig staðið var að málu með Tevez og Mascherano á sínum tíma. United hefur því vaðið fyrir neðan sig.

„Þetta hefur tekið rúman mánuð og ég hélt við myndum landa þessu máli um helgina en þetta fer vonandi að klárast,“ sagði Ferguson.

- hbg

Zinedine Zidane í viðtali:

Fyrirgefur ekki Materazzi

FÓTBOLTI Í gær var liðið eitt ár frá því að Zinedine Zidane kvaddi knattspyrnuheiminn með eftirminnilegum hætti þegar hann var rekinn út af í úrslitaleik HM.

Zidane sagði í viðtali við þýska blaðið Bild að hann myndi aldrei fyrirgefa ítalska leikmanninum Marco Materazzi sem hann skallaði í brjóstakassann.

- óój

Nítján bikarsigrar í röð

Guðjón Þórðarson gerði fjögur lið að bikarmeisturum frá 1993 til 1996. Hann stjórnar sínum fyrsta bikarleik í ellefu ár uppi á Skipaskaga í kvöld.

FÓTBOLTI Skagamenn hefja keppni í Visa-bikar karla í kvöld þegar þeir fá Víkinga í heimsókn upp á Skaga. Skagamenn ætta að mæta til leiks fullir bjartsýni enda er Guðjón Þórðarson í brúnni.

Guðjón hefur stýrt liði til sigurs í 19 bikarleikjum í röð á Íslandi en hann gerði lið að bikarmeisturum fjögur ár í röð frá 1993 til 1996. Þetta verður fyrsti bikarleikur Guðjóns hér á landi síðan í bikarúrslitaleikum 1996 en íslenskt lið tapaði síðast bikarleik undir hans stjórn fyrir tæpum fimmtán árum þegar KA sló ÍA út úr undanúrslitum 7. ágúst 1992.

„Ég ætla alls ekki að ljóstra því upp hver er lykillinn að þessum árangri í bikarunum því þá gætu aðrir farið að herma eftir þessu. Þessi uppskrift hefur dugað vel því ég vann bikarinn 1993, 1994, 1995 og 1996. Ég ætla síðan að vinna 2007,“ sagði Guðjón Þórðarson í samtali við Fréttablaðið en fyrsti bikarleikur hans hér á landi í tæp ellefu



TOLLERING Guðjón Þórðarson hefur gert Skagamenn tvisvar að bikarmeisturum, 1993 og 1996. Hann vann bikarinn einnig með KR 1994 og 1995.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

ár er á Akranesvelli í kvöld.

„Spennustigið er hærra í öllum bikarleiknum og bikarleikir eru öðruvísi. Það er meira undir og ef þú vinnur fjóra leiki þá vinnur þú bikarkeppnina,“ segir Guðjón sem ætlar ekki að gefa neinum upp hvernig hann fer að þessu. „Ég passa upp á bikaruppskriftina mína eins og sjáaldur augna minna,“ segir Guðjón en hann sér mikinn sjarma við bikarinn.

„Fegurðin við bikarkeppnina er þessi óvissa. Miðlungslíð geta hitt á góðan dag og geta slegið út mun sterkari lið. Það gefur öllum tækifæri,“ segir Guðjón en hann ætlar ekki að vanmeta mótherja kvölds-

ins þrátt fyrir misjafnt gengi.

„Víkingur er með gott lið og þó að þeir hafi verið í smá erfiðleikum núna þá er það eitthvað sem þeir hrista af sér. Ég vona samt að þeir geri það ekki á morgun [í dag],“ sagði Guðjón að lokum í léttum tón.

Fjórir aðrir leikir fara fram í 16 liða úrslitunum í kvöld.

Fjarðabyggð tekur á móti Fjölni á Eskifjarðarvelli, KR og Valur mætast á KR-vellinum, Íslandsmeistarar FH ferðast til Eyja og mæta þar ÍBV á Hásteinsvelli og Framarar mæta Haukum á Ásvöllum.

ooj@frettabladid.is

19 BIKARSIGRAR Í RÖÐ**Styrkleiki mótherja**

10	á liðum í A-deild
6	á liðum í B-deild
2	á liðum í C-deild
1	á liðum í D-deild

Hvernig unnust þeir

1	í vítakeppni
1	í framlegningu
6	með eins marks mun
3	með tveggja marka mun
5	með þriggja marka mun
3	með meiri mun

Hverjir voru mótherjarnir

3	gegn Þór Akureyri
2	gegn Keflavík
2	gegn Fram
1	gegn tólf öðrum liðum



BERND SCHUSTER Aftur kominn til Real Madrid.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Arftaki Capello fundinn:

Schuster tekur við Real

FÓTBOLTI Það fór eins og margan grunaði að Bernd Schuster myndi taka við liði Real Madrid af Fabio Capello. „Liðin hans leika skemmtilegan fótbolta og hann mun ráða við stjórnnum þrýtt lið okkar,“ sagði Ramon Calderon, forseti Real Madrid.

Athygli vakti að Schuster talaði um að Cesc Fabregas væri einn af þeim leikmönnum sem hann væri spennur fyrir.

Schuster þjálfaði Getafe síðustu ár með fínum árangri en Michael Laudrup var ráðinn í hans stað í gær. Schuster borgaði sig út úr samningnum við Getafe svo hann gæti farið til Real.

- hbg

William Gallas:

Margir ósáttir hjá Arsenal

FÓTBOLTI Williams Gallas segir marga leikmenn Arsenal vera ósátta með þróun mála hjá liðinu í kjölfar þess að Thierry Henry var seldur til Barcelona og að Arsene Wenger skuli ekki breyta út frá venju sinni að kaupa bara unga og óreynda leikmenn.

„Ég er ekki hjá Arsenal til að ná 3. sæti. Arsenal þarf sterkari leikmenn,“ sagði Gallas sem hefur óskað eftir fundi með stjórn félagsins.

- óój



Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

www.ferdalag.is

Ljósmyndasamkeppni

Á ferdalag.is finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlor utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.



EGGERT RAFN EINARSSON Er fyrirliði U-17 ára landsliðsins. Hann fær það hlutverk í kvöld að hafa hemil á Helga Sigurðssyni, sem sjá má á minni myndinni.
MYND/ALEKSANDAR DJOROVIC

Barcelona stendur fyrir róttækum aðgerðum til að koma í veg fyrir agaleysi:

Leikmenn fylgi boðorðum Laporta

FÓTBOLTI Joan Laporta, forseti Barcelona á Spáni, hefur sett saman lista með boðorðum sem leikmenn liðsins munu þurfa að fylgja í hvívetna frá og með næsta tímabili, ellegar munu þeir ekki eiga von á góðu. Laporta hefur fengið sig fullsaddan af agaleysinu og innanbúðarkrísunni sem gerði vart við sig á liðnu tímabili og smitaði greinilega út frá sér til leikmanna inni á vellinum. Barcelona vann engan titil á síðasta tímabili eftir að hafa orðið Spánar- og Evrópumeistarar árið á undan.

Enn sem komið er hefur spænskum fjölmiðlum ekki tekist að verða sér úti um listann með boðorðunum en talið er að þau séu um tíu talsins. Þó er vitað um hvað flest þeirra ganga út á.

Laporta ætlar greinilega að sjá til þess að leikmenn komi úthvöldir á æfingar því frá og með kl. eitt eftir miðnætti ríkir útgöngubann hjá leikmönnum liðsins og munu þeir þurfa að sofa í að lágmarki

átta klukkutíma áður en þeir mæta á æfingu daginn eftir, sem hefst á slaginu 10.30. Allir leikmenn verða að vera mættir á æfingasvæðið að lágmarki tíu mínútum áður en æfing hefst.

Laporta hefur bannað allar undanþágur frá hópæfingu nema að formleg beiðni berist frá læknum liðsins. Er talið víst að þessi



MÓSES Spænskir fjölmiðlar sýna aðgerðum Laporta mikinn áhuga og setti Sport, eitt stærsta íþróttablað landsins, myndlíkingu þar sem forsetinn var í hlutverki Móses.

regla sé sett til höfuðs Ronaldinho, sem átti það til að kjósa séræfingar

inni í lyftingasal frekar en að æfa með félögnum úti á velli á síðustu leiktíð. Einnig hefur leikmönnum verið gert skylt að boða forföll á æfingu að minnsta kosti tveimur tímum áður en hún hefst – og þá skal afsökunin vera ósvikin.

Varla þarf að taka fram að brot á einhverjum boðorðanna mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir viðkomandi.

JOAN LAPORTA Ætlar sér spænka meistaratilinn og ekkert annað á næsta tímabili.
- vig



16 liða úrslit VISA-bikars karla hefjast í kvöld:

17 ára piltur settur til höfuðs Helga

FÓTBOLTI Hinn 17 ára gamli Eggert Rafn Einarsson mun væntanlega spila í stöðu miðvarðar við hlið Tryggva Bjarnasonar hjá KR gegn Val í VISA-bikarnum í kvöld en þá hefjast 16 liða úrslit keppinnar. Hann verður þannig settur til höfuðs Helga Sigurðssonar, heitasta sóknarmanns landsins um þessar mundir. Tveir helstu miðverðir KR, Pétur Hafliði Marteinsson og Gunnlaugur Jónsson, eru í leikbanni og því þarf að gera róttækar breytingar á vörninni.

Helgi fór illa með KR-inga í viðureign liðanna í deildinni fyrr í sumar og skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 sigri. Helgi hefur skorað alls sjö mörk fyrir Val í fyrstu níu leikjum deildarinnar en Eggert segist sjálfur ekki hræðast þá tölfræði.

„Helgi er vissulega mjög lunkinn en þegar út í leikinn er komið er hann eins og hver annar andstæðingur fyrir mér. Ég mun gera allt sem ég get til að stoppa andstæðinginn, sama hvað hann heitir,“ segir Eggert Rafn, sem fékk eldskírni sína með KR gegn FH í 6. umferð. Síðan þá hefur hann átt fast sæti í stöðu hægri bakvarðar hjá KR. Í fjarveru Péturs og Gunnlaugs verður Eggert líklega færður í stöðu miðvarðar – stöðu sem hann þekkir mjög vel

VISA-BIKAR KARLA

Leikur kvöldsins	Tími
Fjarðabyggð – Fjölnir	kl. 19:15
ÍBV – FH	kl. 19:15
Haukar – Fram	kl. 19:15
KR – Valur	kl. 19:15
ÍA – Víkingur	kl. 19:15

frá fyrri tíð.

„Ég er miðvörður að upplagi og kann mjög vel við þá stöðu. Ég hef að ég sé betri miðvörður en ætli bakvörðurinn verði ekki framtíðarstaðan. Ég hef ekki alveg stærðina í mér fyrir miðvörðinn,“ segir Eggert í léttum tón en bætti við að hann myndi spila hvar sem þjálfarinn vill hafa hann. „Ég reyni bara að gera mitt besta og vona að það skili sér.“

Eggert er ekki eini drengjalandslíðsmaðurinn sem verður í sviðsljósinu í kvöld því hinn 16 ára gamli Trausti Sigurbjörnsson mun líklega standa á milli stanganna hjá ÍA gegn Víkingi í kvöld. Trausti varð einn allra yngsti leikmaðurinn til að spila í Landsbankadeildinni í sumar þegar hann kom inn á gegn Keflavík í síðustu viku.

Íslandsmeistarar FH fara í heimsókn til Vestmannaeyja og í Hafnarfirði eigast við Haukar og Fram. Þá tekur Fjarðabyggð á móti Fjölni á Eskifirði.
- vig

VISA BIKARINN 2007

16 liða úrslit karla

Pri. 10. júlí	Kl. 19:15	Fjarðabyggð - Fjölnir	Eskifjarðarvöllur
Pri. 10. júlí	Kl. 19:15	KR - Valur	KR-völlur
Pri. 10. júlí	Kl. 19:15	ÍBV - FH	Hásteinsvöllur
Pri. 10. júlí	Kl. 19:15	Haukar - Fram	Ásvellir
Mið. 11. júlí	Kl. 19:15	Þróttur R. - Keflavík	Valbjarnarvöllur
Mið. 11. júlí	Kl. 19:15	Þór - Fylkir	Akureyrarvöllur
Mið. 11. júlí	Kl. 19:15	ÍA - Víkingur R.	Akranesvöllur
Mið. 11. júlí	Kl. 19:15	Breiðablik - HK	Kópavogsvöllur

VISA styður íslenska boltann

www.visa.is



Landið er fallegra á löglegum hraða



> STEVE BUSCEMI

Hreint út sagt frábær leikari og í raun ótrúlegt að maðurinn hafi aldrei verið tilnefndur til óskarsverðlaunanna. Buscemi lærði leiklist hjá hinni þekktu Lee Strasberg Institute í New York en þar starfaði hann einnig sem slökkviliðsmaður. Buscemi hefur í gegnum tíðina leikið í alls fimm myndum eftir Coen-bræður og látið lífið í þremur þeirra. Hann er einnig í miklu uppáhaldi hjá Quentin Tarantino auk þess sem hann hefur oft og mörgum sinnum leikið orhlutverk í myndum Adams Sandler. Hlutverk hans í Airheads er þó ekkert orhlutverk en hún er sýnd á Stöð 2 Bíó í dag.

**dagsh****VIÐ TÆKIÐ INDIANA ÁSA HREINSDÓTTIR MISSIR HELST EKKI AF NEINU Á MÁNUÐÖGUM****Alvöru drama fram yfir eldamennsku**

Þátturinn So you think you can dance er byrjaður aftur við mikinn fögnuð. Krakkarnir eru ótrúlega hæfileikaríkir en ég hef mest gaman af að fylgjast með Nigel, sérstaklega fallega brosinu hans. Það slæma er að þáttunum er stillt á móti Piparsveinum á Skjá einum. Þótt ég hafi gaman af Nigel og dönsurunum verður þátturinn að lúta í lægra haldi fyrir hinum ítalskættaða prins. Piparsveinninn fer þó að ljúka leit sinni og ég vona að hann velji hina stilltu og prúðu Sadie.

Þættirnir Design Star hafa alveg redðað þriðjudagskvöldum sem hingað til hafa verið glötuð. Ég hef gaman af að fylgjast með keppendum hanna, breyta og bæta og að sjálfsgöðu búin að velja mér uppáhalds. Mér til mikillar gleði hefur dr. Phil



tekið við af hinni síkátu Rachel Ray á Skjá einum. Sjálf hef ég mun meira gaman af alvöru dramatik en eldamennsku og tískuráðum. Dr. Phil kemst þó ekki með tærnar þar sem Oprah vinkona hans er með hælana en það er samt alveg hægt að tárast annað slagðið yfir þáttunum hans líka.

Held að Skjár einn hefði heldur átt að tryggja sér spjalþátt Tyr Banks en sjónvarpskokkinn enda á ofurfyrirsætan fyrir stóran hóp af tryggum aðdáendum sem myndu örugglega ekki missa úr einn þátt. Þátturinn Men in Trees með Anne Hache í fararbroddi lofar heldur betur góðu og bætir þrusu góða mánudagsdagskrána svo maður verður að hafa sig allan við á fjarstýringunni til að missa ekki af neinu.

EKKI MISSA AF

22.25 Jericho lögreglufulltrúi SJÓNVARPIÐ



22.15 The Shield STÖÐ 2



20.00 Confessions of a Dangerous Mind STÖÐ 2 BÍÓ



20.40 Kitchen Confidential SIRKUS



20.30 How Clean is Your House? SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Út og suður** (6:16) e.
17.05 Leiðarljós
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 Geirharður bojng bojng (4:26)
18.22 Sögurnar hennar Sölku (2:13)
18.30 Váboði (4:13)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Everwood (21:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.
20.50 Lithvörf (6:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Í þessum þætti er rætt við Sigrúnu Ólafsdóttur myndhöggvara. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson.
20.55 Á flakki um Norðurlönd (4:8) (Pá luffen Norden) Finnisk þáttaröð um ungt fólk á ferðalagi um Norðurlönd. Í þessum þætti fara þau Joakim og Sonja um Sjáland.
21.25 Merkt alla ævi (Ut i naturen: Merket for livet) Norskur þáttur um rafmerkingar á dýrum og fuglum.
22.00 Tíufréttir
22.25 Jericho lögreglufulltrúi (2:4) Breskur spennumyndaflokkur um lögreglufulltrúann Michael Jericho og samstarfsmenn hans sem glíma við erfið mál.
00.00 Leikir kvöldsins
00.15 Lögmál Murphys (5:6) e.
01.10 Kastljós
01.40 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Confessions of a Dangerous Mind**
08.00 Rabbit-Proof Fence
10.00 The Five Senses
12.00 Airheads
14.00 Rabbit-Proof Fence
16.00 The Five Senses
18.00 Airheads
20.00 Confessions of a Dangerous Mind Aðalhlutverk. Sam Rockwell, Drew Barrymore. Leikstjóri. George Clooney.
22.00 People I Know
00.00 Girl Fever
02.00 Blind Horizon
04.00 People I Know

SIRKUS TV

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2**
08.15 Í finu formi 2005
08.30 Oprah
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Forboðin fegurð (87.114)
10.20 Grey's Anatomy (10.25)
11.10 Fresh Prince of Bel Air (8.24)
11.35 Outdoor Outtakes (1.13)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Homefront (2.18)
13.55 Studio 60 (4.22)
14.45 Whose Line is it Anyway?
15.20 Barnatími Stöðvar 2
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar (Neighbors)
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð
19.40 Simpsons (11.21) (Simpson-fjölskyldan)
20.05 Extreme Makeover. Home Edition (5.32) Þriðja þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover. Home Edition. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurbýggja heimili þeirra frá grunni.
21.30 Las Vegas (12.17)
22.15 The Shield (5.10) Einn út sérsvettinn verður fyrir alvarlegri líkamsárás en ekki er vitað hver var þar að verki. Á meðan samstarfsmenn hans reyna að finna hinn seka stendur einnig yfir leit að raðnaðgará sem heldur kvenþjóðinni í heljargreipum. 2006. Stranglega bönnuð börnum.
23.00 The Riches (6.13)
23.50 Shade Aðalhlutverk. Gabriel Byrne, Melanie Griffith, Sylvester Stallone. Leikstjóri. Damian Nieman. 2003. Bönnuð börnum.
01.25 Dangerous Minds (e)
03.05 The Shield (5.10)
03.50 Las Vegas (12.17)
04.35 Hotel Babylon (2.8)
05.30 Fréttir og Ísland í dag
06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

- 18.00 Insider**
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.40 Entertainment Tonight
20.10 George Lopez Show, The (2:18) Bráðskemmtilegur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki. Við kynnumst fjörugeu heimilshaldi þar sem skrautlegar persónur koma við sögu. Sambúð hjónanna George og Angie og barnanna þeirra, Carmen og Max, gengur vel en ýmsir heimilsvinir setja gjarnan strík í reikninginn.
20.40 Kitchen Confidential (8:13) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilbóð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Það er þó einn hængur á. eigandinn gefur Jack einungu 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times. Jack ræður gamla vini sína í vinnu og munu þau reyna allt til þess að hjálpa honum að ná takmarki sínu með hlægilegum afleiðingum.
21.10 Young Blades (10:13) Spennandi þáttaröð þar sem sögusviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum.
22.00 Men In Trees (4:17) Íbúar New York eru farnir að gleyma Marin, enda hefur enginn heyrt í henni mánuðum saman. Flestum þykir líklegasta skýringin á hvarfi hennar vera sú að hún sé látin.
22.45 Pirate Master (6:14)
23.30 True Hollywood Stories (2:8) (e)
00.15 Entertainment Tonight (e)
00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



TILBOÐ
19.900,-

svan tækni



TILBOÐ
22.900,-

VERSLUN OKKAR ER VIÐ SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Extreme Makeover: Home Edition

Í kvöld er tvöfaldur þáttur af Extreme Makeover: Home Edition. Í þættinum takast Ty og félagar á við stærsta verkefni sitt frá upphafi. Þeir gjörbreyta sumarhúsum fyrir fötluð börn og byggja fallegt heimili fyrir hjónin sem eytt hafa þremur árum og öllu sparifénu í sumarhúðirnar.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Á flakki um Norðurlönd Sjónvarpið kl. 20.55

Skemmtileg finnsk þáttaröð um ungt fólk á ferðalagi um Norðurlönd þar sem rannsókuð er sál þessara grannþjóða. Farið er til allra Norðurlandanna og einkenni þeirra könnuð, sem og viðhorf þeirra og annarra til hvert annars. Joakim Haldin og Sonja Kailassaari eru stjórnendur þáttanna en í kvöld ætla þau að athuga hvað Sjáland hefur upp á að bjóða.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir	16.00 Síðdegisfréttir
06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.05 Morgunvaktin	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
09.05 Laufskálinn	18.00 Kvöldfréttir
09.45 Morgunleikfimi	18.24 Auglýsingar
10.03 Veðurfregnir	18.25 Spegillinn
10.13 Heima er best	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd	19.00 Laufskálinn
12.00 Fréttayfirlit	19.40 Sumarsagan: Borgin við sundið
12.03 Hádegisútlit	20.00 Hið fagra mun sigra að lokum
12.20 Hádegisfréttir	21.40 Slæðingur
12.45 Veðurfregnir	21.55 Orð kvöldsins
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	22.10 Veðurfregnir
13.00 Vítt og breitt	22.15 Kvöldsgagan: Útlendingurinn
14.03 Útlitssagan: Rokkað í Vittula	22.45 Kvöldtónar.
14.30 Í grænni lautu	23.10 Hvítu svingdívurnar
15.03 Þuríður Pálsdóttir óperusöngkona	00.10 Útlitssagan á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlitssagan FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlitssagan / Fjölskyldu útlitssagan FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlitssagan Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

- 18.10 Wimbledon**
20.10 Einvígið á Nesinu Árlega fer fram óvenjulegt en skemmtilegt golfmót til styrktar góðu málefni á Nesvellinum á Seltjarnarnesi. Tíu af bestu kyflingum landsins, karlar og konur, leika saman í ráshóp og einn fellur úr leik á hverri holu þar til einn stendur uppi sem sigurvergi á níundu flöt. Í fyrri var það Magnús Lárusson úr Kili.
22.00 Stjórnugolf 2007 Þáttur um íslenskt golfmót sem kallast Stjórnugolf og haldið er til styrktar góðgerðamálum.
22.40 PGA Tour 2007 - Highlights (The INTERNATIONAL) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrífir fyrstu þrjú keppnisdagana en svo er efstu kyflingunum fylgt eftir á lokaholunum.
23.40 Heimsmótaröðin í Póker 2006 Póker æði hefur gengið yfir heiminn að undanföngu hvort sem er í Bandaríkjunum eða í Evrópu. Miklir snillingar setjast að borðum þegar þeir bestu koma saman, þar sem keppt er um háar fjárhæðir.
00.40 Copa America 2007 (Winner S1 - Winner S2)

- BBC PRIME**
12.00 Ballykissangel **13.00** Waking the Dead **14.00** Passport to the Sun **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Bargain Hunt **16.00** My Hero **16.30** My Family **17.00** A Place in France **17.30** A Life Coach Less Ordinary **18.00** Waking the Dead **19.00** Little Britain **19.30** Nighty Night **20.00** The Thick of It **20.30** Manchild **21.00** Waking the Dead **22.00** Yes, Minister **22.30** Little Britain **23.00** Nighty Night **23.30** My Hero **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Ballykissangel

- DR 1**
7.35 Yu-Gi-Oh! **11.05** En reporter går ombord **11.35** Et mål for livet **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Hjerteflimmer Classic **13.30** SommerSummerum **15.05** Trolddomsæskjen **15.30** Anton, min hemmelige ven **16.00** Når gorillaen pakker kufferten **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Sommervejret **17.05** Miss Marple **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.40** Aftentour 2007 **20.05** S.O.S. Poseidon kalder **21.30** Seinfeld **21.55** London under angreb

- NK1**
6.00 Freidige Fanny **6.20** Postmann Pat **6.35** Noahs dyrebare øy **7.05** Gjengen på taket **7.20** De tre vennene og Jerry **7.30** Trollz **8.00** Totalt genialt! **8.25** Med hjertet på rette staden **9.10** Sport Jukeboks **10.00** Jukeboks: Norsk på norsk **11.05** Jukeboks **12.05** Jukeboks: Ut i naturen **13.40** The Tribe - Den nye morgendagen **14.05** Lyoko **14.30** Norske filmminner **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.10** Robotgjengen **16.25** Det store olabilløpet **16.40** Distriksnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Nigellas kjøkken **18.25** Autofil **18.55** Distriksnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **19.55** Romerikets vekst og fall **20.45** Extra-trekning **21.00** Kveldsnytt **21.15** Norge i dag **21.25** Misery - kidnappa **23.10** Kulturprofilen

- 1 SVT 1**
10.00 Rapport **10.05** Mamma sticker inte **12.20** En drömmäres vandring **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Landet som Stalin tog **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Bolibompa **16.25** Bolibompas sommartips **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Fridrott: GP Lausanne **21.30** Rapport **21.40** Livräddarna **22.10** Six Feet Under **23.05** Sändningar från SVT24 **2.50** Från Paddington



ný lína frá ifö sameinar fegurð og notagildi

Ifö

<p>SALERNI Ifö Sign Traust, einföld og hljóðlát, hærri en venjuleg salerni og taka minna pláss en þig grunar. Vatnskassi í heilu lagi er staðall á öllum Ifö Sign salernum. Það gerir salernið fallegra og auðveldara að þrifa. Engin samskeyti sem óhreinindi safnast fyrir í og kassinn laus við raka. Möguleiki á háglökandi setu.</p>	<p>INNRETTINGAR Ifö Sense Art Nýttkulegar innréttingar fyrir þá sem gera kröfur. Hagkvæmar skúffur og rúmgóðir skápar. Innréttingarnar koma tilbúnar til uppsetningar. Smekkleig hönnun og skemmtilegar lausnir, margar stærðir og gerðir.</p>	<p>HANDLAUGAR Ifö Sign Nýju handlaugar frá Ifö koma í öllum stærðum og gerðum, frístandandi eða sem hluti innréttingar. Eitt einkenni þeirra er stórt og mikið yfirborð sem gefur handlaugunum áberandi stíl og eykur notagildi þeirra.</p>
--	---	--

Ifö fékk hinn þekktu danska arkitekt, Knud Holscher til að hanna nýja heildarlínu. Útkoman er glæsileg hönnun, allt frá innréttingum, salernum og handlaugum til spegla og tilheyrandi.

Ifö sameinar þægindi, fegurð og notagildi.

Komdu, upplifðu úrvalið og sjáðu nýjar lausnir fyrir baðherbergið þitt.

Hannaðu heimilið með Tengi

Opið:
 Virka daga 08-18
 Laugardaga 10-15



Smíðuvegur 76 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is
 Baldursnes 6 Akureyri Sími 414 1050 Fax 414 1051

F A L L I N G I N B E T W E E N

NBC
28 COMPANY
kynnir



STÓRKOSTLEGUR TÓNLISTARVIÐBURÐUR
Í LAUGARDALSHÖLL Í KVÖLD!
TOTO IN CONCERT!

Miðasala í fullum gangi á midi.is, í verslunum Skífunnar & BT úti á landi. Miðaverð aðeins kr. 5300, miðasala við inngang hefst kl. 18:00.

Uppselt er í stúku! / Ath. hækkað svið, húsið opnar kl. 19.00. Tónleikar hefjast kl. 20.30!

ICELANDAIRHOTELS

NI

THULE

midi.is

www.TOTO99.com

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, rítstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaæild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LYFJA
Lífð heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR

KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

Réttar skoðanir

Það er haugalygi að allar skoðanir séu jafn rétt háar. Það hljómar vel og réttlátt en eftir smá umhugsun sér hver maður að slíkt fyrirkomulag gengur ekki upp. Skoðanir eru nefnilega sjaldnast einkamál þess sem hefur þær heldur hafa þær áhrif á umhverfi manns.

VISSULEGA er hægt að fara léttu leið í vali sínu á lífsviðhorfum og telja það mikla skoðun að segja að Stones séu betri en Bítlarnir, hundar betri gæludýr en kettir og svo framvegis. Það eru allar líkur á því að fólk lendi ekki í alvarlegum útistöðum vegna þeirra viðhorfa.

AÐRIR hafa valið sér svokallaða pólitíska rétt hugsun. Slík hugsun er góð og þörf á margan hátt en orðin nokkuð víðfem. Reyndar minna sumir þættir hennar um margt á hræsni. Sá sem er pólitískt rétt hugsandi getur nefnilega of oft sloppið við að taka afstöðu í málum en einbeitt sér að því að fussa yfir skoðunum annarra. Slíkt fólk getur til að mynda hneykslast á íbúum Njálsgötu fyrir að vilja ekki fá rónablokk, afsakið, heimili fyrir heimilislausu menn, í nágrenni sitt. Þá virkar það gott og umburðarlynt. Sama fólk og þetta segir myndi þó seint bjóða væntanlegum íbúum Njálsgötu í kakó og pönnur með rjóma, jafnvel þótt það gefi sig nú út fyrir að vera tilbúið með pönnuspönnuna, sjálfan arfinn frá ömmu að norðan, á lofti.

SJÁLF bý ég nokkuð langt frá væntanlegu heimili get því ekki, og þarf ekki, að mynda mér almennilega skoðun í þessu máli. Ég get svo sem stamað út úr mér að ég hafi haft nokkur samskipti við útigangsfólk þar sem pabbi og mamma hafi alltaf verið tilbúin að veita þurfsandi fólki húsaskjól í gegnum tíðina. Ég veit samt ekki hvort þau eða ég tækju stóru heimili fyrir útigangsfólk fagnandi, sá sem tæki ákvörðun um slíkt þyrfti að minnsta kosti að ræða það mál vandlega við þau. Slíkt var ekki fyrir hendi hjá íbúum Njálsgötu heldur fengu íbúar götunnar fyrst að vita af ætluðu hús-næði í fjölmiðlum og skiljanlegt að allir hafi ekki breitt út faðm-inn og fagnað nýju nágrönnum sínum.

ÉG hef aldrei hitt manneskju, og umgengst þó töluvert mikið af harðsvíruðu frjálshyggu fólki, sem þykir óeðlilegt að heimili fyrir útigangsfólk sé komið á laggirnar. Öllum þykir það nauðsynlegt og gott framtak. Allir vita líka að eitt sinn voru rónar börn og flestir þeirra glíma við erfið veikindi. Það þýðir samt ekki að fólk verði að vera sátt við að fá hóp þeirra í næsta hús til fram-búðar. Umræður og ósætti um slíkt eru ofur eðlileg. Við verðum aldrei alveg á sömu skoðun og náunginn og skoðanir hans verða aldrei jafnháar okkar eigin. Málamiðlanir geta gert okkur öllum lífið auðveldara. Vonandi fæst ein slík á Njálsgötu.

ANNARS eru kettir mikið betri en hundar.

Orka óháð tíma og rúmi



Audi A4 s-Line 1,8 lítra vél, 163 hestöfl, stíglaus multitronic sjálfskipting, leðuráklæði á sætum, Bi-Xenon aðalljós, sóllúga, 17" álfelgur.

Verð 4.190.000 kr.



Vorsprung durch Technik www.audi.com